



Fornleifavernd ríkisins

# Þiðriksvellir við Steingrímsfjörð

Fornleifarannsókn  
haustið 2000

Sigurður Bergsteinsson  
Þór Hjaltalín

2012:2

Forsíða: Ljósmynd af rannsóknarsvæðinu  
© Fornleifavernd ríkisins/Sigurður Bergsteinsson, Þór Hjaltalín  
Rit Fornleifaverndar ríkisins 2012:2  
ISBN 978-9935-9090-1-5  
Prentun: Ísafoldarprentsmiðja

## Efnisyfirlit

I. Inngangur.....	3
II. Jörðin.....	6
III. Rústasvæðið.....	11
Mannvirki 1 - Bæjarhóll.....	15
Mannvirki 2 – Brunnhús.....	16
Mannvirki 3 – Hesthús.....	17
Mannvirki 4 - Rúst.....	17
Mannvirki 5 – Rúst.....	17
Mannvirki 6 – Brunnhús.....	18
Mannvirki 7 – Rúst.....	19
Mannvirki 8 – Fjánhús, hrútakofi, hlöður.....	19
Mannvirki 9 og 11– Rúst og kál-garður.....	20
Mannvirki 10 – Fjánhús og hlaða.....	20
Mannvirki 12 - Garður.....	21
Mannvirki 13 – Rúst.....	21
Mannvirki 14 – Rúst.....	22
Mannvirki 15 - Rúst.....	22
Mannvirki 16 – Rúst.....	23
Mannvirki 17 – Rúst.....	23
Mannvirki 18 – Rúst.....	23
Mannvirki 19 – Brunnur.....	24
Mannvirki 20 – Náttthagi.....	24
Mannvirki 21 – Rúst.....	24
Mannvirki 22 – Rúst og garður með kró.....	24
Mannvirki 23 – Túngarður.....	25
Mannvirki 24 – Bústaður (Ísakstóftir?).....	25
Mannvirki 25 – Kofi.....	26
Mannvirki 26 - Garður.....	26
Mannvirki 27 - Hleðsla.....	26
Mannvirki 28 og 29 – Kálgarður og rétt.....	27
Mannvirki 30 – Stekkur.....	27
Mannvirki 31 - Garður.....	28
Mannvirki 32 – Rúst.....	28

Mannvirki 33 – Varnargarður? .....	28
Mannvirki 34 – Nátthagi .....	29
IV. Könnunarskurðir .....	30
IV.1 Rannsókn á bæjarhól .....	30
Aðferðir .....	30
Afstaða jarð- og mannvistarlaga .....	30
Mannvirki .....	32
Fundir .....	33
IV.2 Rannsóknarskurður í mannvirki 5 .....	37
IV.3 Rannsóknarskurður í mannvirki 22 .....	38
V. Niðurstöður .....	40
Heimildaskrá .....	41
Prentaðar heimildir .....	41
Óprentaðar heimildir .....	42
Munnlegar heimildir: .....	43
Skrár .....	44
Skrá yfir mannvirki .....	44
Skrár yfir muni .....	45
Skrá yfir ljósmyndir .....	50
Stafrænar .....	50
Filmur .....	59
Fylgiskjöl .....	63

## I. Inngangur

Í júní árið 1999 sótti Orkubú Vestfjarða um framkvæmdaleyfi til Hólmanvíkurhrepps fyrir byggingu jarðvegsstíflu við útfall Þiðriksvallavatns og var tilgangurinn að stækka þverárvirkjun með því að auka miðlun að henni. Við framkvæmdina yrði vatnsborðshækkun Þiðriksvallavatns um 6 metrar, eða færi úr um 84 m.y.s. í um 90 m.y.s. Af því tilefni óskaði Orkubú Vestfjarða eftir umsögn Þjóðminjasafns Íslands um menningarminjar sem við framkvæmd þessa færu undir vatn. Í svari safnsins kemur fram að nauðsynlegt sé að ítarleg könnun og skráning á fornleifum fari fram á því svæði sem framkvæmdirnar ná til og að reyndur fornleifafræðingur leggi mat á áhrif hækkunar vatnsborðsins á minjarnar.<sup>1</sup> Á grundvelli þess gæti safnið veitt umsögn sína. Þá um haustið var Bjarni F. Einarsson fornleifafræðingur fenginn, að beiðni Orkubúsins, til þess að skrá allar þær rústir við Þiðriksvallavatn er kynnu að lenda undir vatni vegna framkvæmdanna. Skrá hans og niðurstöður birtust í skýrslu sem ber heitið *Fornleifaskráning við Þiðriksvallavatn í Hólmanvíkurhreppi vegna stífluframkvæmda*. Fjöldi skráðra fornleifa var 31 og lagði Bjarni mat á ástand þeirra, hversu mikilli hættu þær væru í og reyndi jafnframt að geta sér til um aldur þeirra. Einnig lagði Bjarni mat á minjagildi einstakra mannvirkja og heilda. Í stuttu máli er niðurstaða Bjarna sú að hann telur koma til greina að friðlýsa bæjarstæði Þiðriksvalla, en þar skráði hann 18 rústir. Minjagildið felst ekki síst í heildinni, en einnig telur Bjarni hugsanlegt að friðlýsa aðeins bæjarhólinn sjálfan en hann geymir aldalanga sögu Þiðriksvallabýlisins og gæti sú saga náð aftur til landnámsaldar. Einnig benti Bjarni á þá munnmælasögu að bænhús og kirkjugarður hafi verið á Þiðriksvöllum og hefur hann tilgátu um það hvaða rústir það kunní að vera. Ef rétt reynist myndu þær færast í hæsta

<sup>1</sup> Þjms. Bréf Þjóðminjasafns til Orkubús Vestfjarða, dags. 18. ágúst 1999 (*Tilvísun: 1999080022*).

minjaflokk.<sup>2</sup> Það var mat Bjarna að allar skráðar minjar, að einni undanskilinni, væru í mikilli hættu ef af framkvæmdum yrði enda færu þær allar undir vatn. Bjarni sagði jafnframt:

Bæjarhóll Þiðriksvalla er tveir m á hæð, hið minnsta, allur manngerður. Hann geymir slíkt magn upplýsinga að hann hlýtur að falla í hæsta minjaflokk og slíkur staður verður ekki fjarlægður eða settur á kaf nema að undangenginni rannsókn. Gæti slík rannsókn tekið allt að 50-100 mannmánuði ef allt yrði rannsakað. Með samþykki Þjóðminjasafns og leyfi fornleifanefndar væri væntanlega hægt að skera þennan tíma talsvert niður, en eftir stendur sem áður að um mikla rannsókn yrði að ræða og það aðeins á bæjarhólum. Þá eru allar hinar fornleifarnar ótaldar svo sem hið hugsanlega bænhús og kirkjugarður.

Að lokum benti Bjarni á að hækkun vatnsins varði við þjóðminjalög og „þarf leyfi fornleifanefndar til, auk þeirra skilmála sem Þjóðminjasafn Íslands kann að setja.“<sup>3</sup>

Umsögn Þjóðminjasafnsins frá 24. nóvember 1999 byggði á niðurstöðum Bjarna og lagðist safnið þar gegn því að bæjarhólum yrði sökkt án frekari rannsókna. Sagði jafnframt:

Safnið telur nauðsynlegt að takmarkaður könnunargróftur verði gerður með það fyrir augum að ákvarða umfang, varðveislu og aldur þeirra minja sem bæjarhóllinn geymir. Á grundvelli niðurstöðu þeirrar könnunar mun Þjóðminjasafn, í samráði við fornleifanefnd, ákveða hvort ástæða er

<sup>2</sup> Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning*, bls. 6.

<sup>3</sup> Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning*, bls. 8-9.

til að láta rannsaka minjarnar frekar eða hvort rétt er að friðlýsa þær.<sup>4</sup>

Þann 22. febrúar 2000 var haldinn fundur fulltrúa Þjóðminjasafns og Orkubúsins til þess að ræða þessi mál með það fyrir augum að finna lausn sem framkvæmdaraðili og minjavarsla gætu orðið ásátt um, en fyrir fundinn hafði safninu borist greinargerð frá Orkubúinu um stöðu málsins og mikilvægi framkvæmdarinnar fyrir raforkuframleiðslu á Vestfjörðum. Í framhaldi af því óskaði Orkubúið eftir því við Hjörleif Stefánsson minjastjóra Þjóðminjasafnsins að hann hefði milligöngu um að afla heimildar fornleifanefndar fyrir því að minjunum yrði sökkt undir vatn að undangenginni könnun á bæjarhólum. Þá lá fyrir að ef ekki fengist staðfesting á því að framkvæmdir gætu hafist að loknum könnunargreftri yrði fallið frá fyrirhugaðri stækkun stíflunnar. Hjörleifur rakti málið í bréfi til fornleifanefndar 2. mars 2000. Þar kemur fram að bæjarhóll Þiðriksvalla var þá þegar mikið skemmdur vegna rofs og hefur að verulegu leyti verið í kafi þegar mest er í vatninu. Ef Orkubúið félli frá framkvæmdum yrði bæjarhóllinn samt sem áður í mikilli hættu og nánast óhugsandi að tryggja varðveislu hans við þau skilyrði sem þarna hafa verið frá því þverárvirkjun var byggð og vatnið stækkað árið 1953. Að lokum segir Hjörleifur:

Verði það hins vegar staðfest að framkvæmdir geti hafist að könnunargrefti loknum mun Orkubúið skapa aðstæður til að rannsóknin geti farið fram, þ.e. að tæma vatnið með góðum fyrirvara þannig að bæjarhóllinn og umhverfi hans verði aðgengilegur og nái að þorna. Að rannsókn lokinni verði vatnsborðið hækkað og bæjarhóllinn færður í kaf ásamt öðrum minjum á svæðinu, en vilyrði gefið fyrir því að Orkubúið muni gera minjarnar aðgengilegar fyrir rannsóknir í

fram tíðinni með því að tæma vatnið um tíma, ef minjavarslan gerir kröfu um slíkt. ...[Með þessu] er tryggt að upplýsinga verður aflað um staðinn og möguleiki verður á að rannsaka hann frekar síðar, jafnframt því að hækkun vatnsborðsins verður til þess að draga úr því rofi sem vatnið veldur í núverandi stöðu. Við óbreytta vatnshæð halda minjarnar áfram að eyðast, en hvorki verður hægt að rannsaka þær né verja. Þjóðminjasafnið er fylgjandi því að Orkubúinu verði gefin heimild til að halda framkvæmdum áfram, enda kosti það rannsókn á hólum áður en vatnsborð Þiðriksvallavatns verður hækkað frekar. Safnið fer þess hér með á leit við fornleifanefnd að nefndin heimili að minjunum verði sökkt að undangenginni fyrrgreindri rannsókn sem unnin verður undir eftirliti Þjóðminjasafns.<sup>5</sup>

Á fundi fornleifanefndar 6. mars 2000 var svo veitt heimild til þess að minjum við Þiðriksvallavatn yrði sökkt að undangenginni rannsókn. Óskaði Orkubúið eftir því að fornleifadeild Þjóðminjasafnsins tæki að sér rannsóknina og fól safnið Sigurði Bergsteinssyni og Ragnheiði Traustadóttur að annast hana. Fornleifanefnd veitti rannsóknarleyfi þann 4. ágúst 2000. Rannsókninni var settur þröngur tímarammi. Markmið hennar var því fyrst og fremst að kortleggja þær rústir sem fara undir vatn, mæla þær upp, greina notkun þeirra og hugsanlega aldur með því að taka snið í gegnum einstaka rústir. Mestum tíma var varið í rannsókn á sjálfum bæjarhólum með því að taka snið í gegnum hann, en hann er nú um 30 metrar í þvermál. Með því móti mátti aldursgreina hann og meta umfang og varðveisluskilyrði gripa og mannvirkja.

Efninu er skipað niður á þann hátt að í kafla II er fjallað almennt um jörðina og staðhætti á

<sup>4</sup> Þjms. Bréf Þjóðminjasafns til Orkubús Vestfjarða, dags. 24. nóv. 1999. (*Tilvísun 1999080022*).

<sup>5</sup> Þjms. Bréf Þjóðminjasafns til fornleifanefndar, dags. 2. mars 2000. (*Tilvísun: 1999080022*).



Þiðriksvöllum. Í kafla III er fjallað um rústasvæðið, en skráin hér miðast fyrst og fremst við að bæta upplýsingum við skrá Bjarna auk þess sem rústirnar voru mældar upp með alstöð og staðsettar í hnitakerfi, ljósmyndaðar og þeim lýst. Einnig bætast nokkrar rústir við er auglýsinga hafa verið undir vatni er Bjarni fór á vettvang haustið 1999. Hér er ekki um heildarskráningu að ræða á jörðinni heldur takmarkast hún við þær rústir sem fara undir vatn við stækkun Þverárvirkjunar. Alls voru skráð 34 mannvirki og tilheyrðu þau öll Þiðriksvöllum nema eitt er heyrði til Vatnshorni. Tekin voru snið í gegnum mannvirki nr. M5 og M22 auk sjálfs bæjarhólsins, M1. Með því var reynt að greina notkun bygginganna og aldur. Aldursgreining reyndist hins vegar erfið vegna skorts á gjóskulögum á svæðinu. Þrjú sýni voru hins vegar tekin úr bæjarhólum til kolefnisaldursgreiningar (C14) en um úrvinnslu bæjarhólsins er sérstaklega fjallað í kafla IV. Auk þessa var farið með staðkunnugum um svæðið og upplýsinga aflað um tiltekin mannvirki. Niðurstöður eru dregnar saman í V. kafla.



Mynd 1. Hluti rannsóknarteymis. Frá vinstri: Þór Hjaltalín, Sigurður Bergsteinsson, Anna Rut Guðmundsdóttir og Daniel Rhodes.


Vettvangsvinnan og uppgröfturinn fóru fram dagana 21. ágúst – 6. september árið 2000. Rannsóknin var unnin á vegum Þjóðminjasafns Íslands undir stjórn Sigurðar Bergsteinssonar fornleifafræðings, en aðrir sem að rannsókninni

komu voru: Þór Hjaltalín sagnfræðingur, Magnús A. Sigurðsson fornleifafræðingur, Daniel Rhodes fornleifafræðingur, Eavan O'Dochartaigh fornleifafræðingur og Anna R. Guðmundsdóttir nemi í Þjóðfræði. Einnig kom Magnús Sigurgeirsson jarðfræðingur á vettvang einn dag til þess að greina gjóskulög.

Þótt meginefni skýrslunnar hafi verið tilbúið á vordögum 2001 hefur dregist úr hófi að hún yrði gefin út. Má þar helst nefna sem skýringu að með nýjum Þjóðminjalögum árið 2001 hurfu skýrsluhöfundar til annarra starfa á nýrri stofnun, Fornleifavernd ríkisins, og verkefninu var ekki fylgt eftir af þeim krafti sem þurfti. Afar brýnt var hins vegar að ljúka úrvinnslu þessarar rannsóknar og kemur skýrslan nú loks út undir merkjum Fornleifaverndar ríkisins. Þegar helstu niðurstöður lágu fyrir, í september árið 2000, voru þær kynntar Þjóðminjasafni og Orkubúi Vestfjarða.

Fjölmargir áhugamenn um Þiðriksvelli lögðu leið sína á uppgráftarsvæðið meðan á rannsókn stóð og veittu margir gagnlegar upplýsingar. Sérstakar þakkir eru færðar Árna og Krístrúnu Daníelsbörnum, en foreldrar þeirra, Daníel Ólafsson og Ragnheiður Árnadóttir bjuggu á Þiðriksvöllum á árunum 1927-1941. Gengu þau um svæðið og kunnu skil á mörgu er þau minntust þaðan úr æsku. Jafnframt útvegaði Árni mynd af Þiðriksvöllum sem sennilega er frá 5. áratug síðustu aldar. Brynjólfur Gíslason, er bjó í foreldrahúsum á Þiðriksvöllum á árunum 1948-1953 kom einnig og veitti mikilvægar upplýsingar. Hann útvegaði mynd sem sýnir síðasta bæinn á hólum skömmu áður en jörðin fór í eyði árið 1953. Sérstakar þakkir viljum við einnig færa samstarfskonu okkar hjá Fornleifavernd ríkisins, Sólborgu Unu Pálsdóttur, sem unnið hefur með okkur að úrvinnslu og lokafrágangi skýrslunnar.

## II. Jörðin



Mynd 2. Þiðriksvellir í Steingrímssíriði og umhverfi. Uppmælingar danska herforningjaráðsins.

Þiðriksvalladalur gengur upp frá Steingrímssíriði, skammt sunnan við Hólmavík. Í honum er allmikið vatn sem kallast Þiðriksvallavatn. Fram á miðja þessa öld voru tveir bæir í dalnum. Við fremri vatnsendann stóð bærinn Þiðriksvellir, en Vatnshorn norðan megin vatnsins. Úr austurhorni vatnsins rennur Þverá og var hún virkjuð árin 1951-53. Við það fóru báðir þessir bæir í eyði, því mikill hluti gróins lands í dalnum fór þá undir vatn. Dalurinn er djúpur og þröngur; umlukinn fjöllum og hömrum. Fyrrum lá vegur eftir dalnum og á fjall upp yfir Laxárdalsheiði. Var hún fjölfarin um skeið er ver slun var sótt til Hólmavíkur úr Reykhólasveit. Heiðin var um 25 km, byggða á milli, og rís hæst um 594 metra yfir sjó. Man Stefán Pálsson eftir því að „á haustin, er fé var rekið til slátrunar, að vestan og slátrað þar, að slátur var reitt suður yfir heiði og mjölvara og annar varningur í stórum stíl. Voru þetta oft mjög erfiðir flutningar og hættulegar ferðir, ekki fært nema

hraustustu mönnum“.<sup>6</sup> Líkt og tún bæjanna fór vegurinn undir vatn en nú liggur jeppaslóði inn eftir dalnum utan í hlíðinni norðan megin við vatnið. Sunnan við Þiðriksvelli er hlíðin brött og há og veldur stuttum sólargangi. Við svonefnt Kerlingaskarð sást sólin fyrst þann 8. febrúar, „en aðeins í nokkrar mínútur fyrsta daginn en smáhækkar dag frá degi“.<sup>7</sup> Um skarðið var farið yfir í Húsadal eða fram brúnirnar að Heiðaskörðum þar sem vegurinn lá yfir Laxárdalsheiði. Borgirnar skilja að Þiðriksvallavatn og Húsadal en eftir miðjum dalnum rennur Húsadalsá sem skilur að land Víðidalsár og Þiðriksvalla. Þverá rennur ofan í

<sup>6</sup> *Örnefnastofnun*. Örnefnaskrá. Þiðriksvellir. Magnús Steingrímsson skráði eftir handriti Stefáns Pálssonar, sem gert var á Víðidalsá 10. mars 1953, bls 3 og Pétur Jónsson frá Stökkum: *Strandamannabók*, bls. 62.

<sup>7</sup> Krístrún Daníelsdóttir: „Þiðriksvellir í Hólmavíkurbreppi“, bls. 120.



Húsadalsá og skilur að land Þiðriksvalla og Skeljavíkur að austan. Sunnan Húsadals er Víðidalur en árnar úr dölum þessum koma saman nokkru ofan við sjó og heitir áin eftir það Víðidalsá.<sup>8</sup> Suðvestan við Þiðriksvelli gnæfir Grímsfellið og skilur að Nautadal og Grímsdal, en dalir þessir liggja þvert í suðvestur upp úr Þiðriksvalladal. Nautadalsá rennur niður á vellina ofan með Þiðriksvallatúni og niður í Þiðriksvalladalsá. Framan við Nautadalsána er svokallaður Þiðriksvallaflóí og liggur fram með Dalánni, en hún skilur á milli Vatnshornslands og Þiðriksvalla. Þar þótti ágætt slægjuland og góðir kúahagar.



Mynd 3. Horft fram Þiðriksvalladal. Myndin er tekin ofan af Nautadalsfjalli. ÞH, 31. ágúst 2000.

Fremst á flóanum er svokallaður Stúlkuhóll, en þar er sagt að búið hafi huldukona. Mun smali einn á Þiðriksvöllum hafa kveðið þessa vísu:

Faldaskorðin farðu á ról,  
fremd þín ekki dvínar,  
stúlkan góð í stúlkuhól,  
stöðvaðu kindur mínar.<sup>9</sup>

Segir sagan að ekki hafi smalinn þurft að sækja kvíærnar fram fyrir Stúlkuhól eftir það. Hóllinn

<sup>8</sup> Pétur Jónsson frá Stökkum: *Strandamannabók*, bls. 62.

<sup>9</sup> *Örnefnastofnun*. Örnefnaskrá. Þiðriksvellir. Magnús Steingrímsson skráði eftir handriti Stefáns Pálssonar, sem gert var á Víðidalsá 10. mars 1953, bls 5.

er áberandi í landslaginu og þangað mun vatnsyfirborðið ná við hækkun þess í 90 m.y.s. Í Þjóðsögum Jóns Árnasonar segir að Þiðriksvellir séu kenndir við Þiðrik nautamann Steingríms trölla, en við naut Þiðriks „er kenndur Nautahjalli fyrir ofan Þiðriksvelli og Nautadalur í suðvestur upp af Þiðriksvöllum“.<sup>10</sup> Samkvæmt Landnámu nam Steingrímur trölle Steingrímsfjörð allan og bjó í Tröllatungu.<sup>11</sup> Þannig spinnir Þjóðsagan við gamlar sagnir og gefur örnefnum upphaf og sögu. Af elstu skjölum verður hins vegar ekki betur séð en að nafn bæjarins hafi breyst í meðförum kynslóðanna. Elsta skjal er getur bæjarins er jarðakaupabréf frá árinu 1528, þar sem Páll Bjarnason selur Guðlaugi bónda Loftssyni „þann jardarpart sem honum hafði til erfda falled epter födur sinn Biarna heitenn Ottarsson i jordunni Þýrissvöllum er liggur i vijdidal i Steingrimsfirdi i Stadar kirkiu sokn med öllum gögnum og giædum þeim sem firr greindum jardar parti filger og filgt hefur ad fornu oc nyu“<sup>12</sup> Guðlaugur Loftsson var lögsagnari í Strandasýslu, faðir Lofts í Ljárskógum sem síðar eignaðist jörðina auk margra annarra jarða.<sup>13</sup> *Þýrissvellir* í Víðidal er að öllum líkindum sá bær er í dag gengur undir nafninu Þiðriksvellir í Þiðriksvalladal. Það er því að sjá að á 16. öld hafi dalur sá er gengur inn á milli Skeljavíkur og Víðidalsár einu nafni kallast Víðidalur. Nafnið Þiðrekur er tiltölulega ungt í málinu; tökuorð úr Þýsku (sbr. Dietrich), og sömu merkingar og hið forna íslenska nafn Þjóðrekur. Má vera að Þiðriksheitið hafi orðið vinsælt vegna áhrifa frá Þiðriks sögu af Bern.<sup>14</sup> Hvernig er þá heitið Þýrissvellir til komið? Orðið *þyr* þekkist í íslensku í merkingunni „þerrir“, t.d. „sunnanáttin kom með þyrinn“, en orðið þekkist ekki í fornu máli. Konunafnið *þyri* er hins vegar

<sup>10</sup> *Íslenskar Þjóðsögur og ævintýri* IV, bls. 113-114.

<sup>11</sup> Landnámabók, *ÍF* I, bls. 199.

<sup>12</sup> *DI*, IX, bls 463.

<sup>13</sup> Páll Eggert Ólason: *Íslenskar æviskrár* II, bls. 119.

<sup>14</sup> Hermann Pálsson: *Íslensk mannanöfn*, bls. 167, Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*, bls. 1178 og Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni: *Nöfn Íslendinga*, bls. 181.

fornt (t.d. Þyri, drottning Gorms gamla Danakonungs), sbr. rúnaáletrunin *þurui* á dönskum og sænskum rúnasteinum og felur líklega í sér nafn Þórs og viðliðinn vé, þ.e. *þórsvé*. Staðarnafnið Tøri í Noregi er af hinu forna heiti Þyrin, en uppruni þess er óviss.<sup>15</sup> Árið 1539 keypti Loftur bóndi Guðlaugsson 5 hundruð í jörðinni af Þorbirni Bjarnasyni og gengur jörðin þar í kaupbréfinu undir enn einu nafninu, eða *Þyrilsvellir*.<sup>16</sup> Orðið Þyrill er fornt orð og getur haft ýmsar merkingar, t.d. þeytari; úfið hár; þarasker eða innyfli úr silungi. Af Þyrill er leidd sögnin að *þyrlla*, hringsnúa eða þeyta. Orðið þekkist sem örnefni, en í Hvalfirði stendur fjallið *Þyrill*.<sup>17</sup> Í bréfi er varðar jörðina frá árinu 1543 er að sjá að bréfitari viti eigi gjörla hvort heitið skuli nota og bregður því á það ráð að nota þau bæði og kallar hana Þyrilsvelli í einu orðinu en Þýrisvelli í öðru.<sup>18</sup> Í skiptabréfi frá 1564, þar sem dánarbúi Lofts var skipt upp milli erfingja hans, hlýtur Jón Loftsson „jordina Þyrilsvelle í Steingrímsfirde fyrir xvi c.“<sup>19</sup> Það nafn hefur hins vegar tapast en heitið *Þiðriksvellir* náð að festast í sessi, en svo er jörðin kölluð í jarðabókum frá síðari hluta 17. aldar.<sup>20</sup>

Vatnshorn og Þiðriksvellir hafa verið þokkalegar bújarðir. Í Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns frá 1709 er Vatnshorn metin á 24 hundruð en Þiðriksvellir á 16 hundruð<sup>21</sup>, líkt og í skiptabréfinu frá 1564.



Mynd 4. Horft út á Þiðriksvallavatn frá Þiðriksvöllum. ARG, 2. september 2000.

Árið 1703 var tvíbýli á Þiðriksvöllum. Á öðrum helmingnum bjó Þorsteinn Jónsson (f. um 1665) og kona hans Halldóra Jónsdóttir (f. um 1661) ásamt dætrum þeirra, Guðrúnu og Steinunni og vinnukonunni Herdísi Hallsdóttur. Á hinum helmingnum bjuggu Hallvarður Þorleifsson (f. um 1657) og kona hans, Björg Jónsdóttir (f. um 1663) ásamt tveimur börnum þeirra, Sigríði og Ólafi og syni húsfreyjunnar, Jóni Bjarnasyni.<sup>22</sup> Er Árni og Páll gerðu jarðabók sína sex árum síðar höfðu orðið ábúendaskipti á jörðinni. Þá sat Oddur Jónsson á hálfri en Grímur Þorláksson á hálfri. Hafði þá Stórabóla herjað á landsmenn og landskuld á Þiðriksvöllum lækkað úr lxxx álnum í lx álnir og leigukúgildi úr vii í vi. Leigur skyldu „betalast í smjöri heim til Skarðs“, en jarðareigandi þá var einhver Þorsteinsdætra á Skarði á Skarðsströnd. Segja þeir Árni og Páll að sumarheit sé góð á jörðinni og rífhrís til eldiviðar, en engjar spillist nokkuð af Nautadalsá, sem ber með sér sand og grjót. Frá Þiðriksvöllum var kirkjuvegur langur og erfiður, en jörðin heyrði undir Staðarkirkjusókn.<sup>23</sup>

Á síðari tímum hefur sú saga lifað á vörum sumra manna að á Þiðriksvöllum hafi verið bænhús og kirkjugarður til forna og segir Stefán Pálsson að svo virðist sem móti fyrir hringmynduðum torfgarði og leiðum milli

<sup>15</sup> Ásgeir Blöndal Magnússon: Íslensk orðsifjabók, bls. 1209.

<sup>16</sup> *DI*, X, bls. 483.

<sup>17</sup> Ásgeir Blöndal Magnússon: Íslensk orðsifjabók, bls. 1209.

<sup>18</sup> *DI*, XI, bls. 229.

<sup>19</sup> *DI*, XIV, bls. 260.

<sup>20</sup> Björn Lárusson: *The Old Icelandic Land Registers*, bls. 219.

<sup>21</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII*, bls. 393-395.

<sup>22</sup> *Manntal á Íslandi árið 1703*, bls. 238.

<sup>23</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII*, bls. 394-395.

fjórhusanna og hlíðarinnar.<sup>24</sup> Í jarðabók Árna og Páls er ekki minnst á kirkju og við fornleifarannsóknina sumarið 2000 fannst hinn meinti kirkjugarður ekki þó að leitað hefði verið milli fjórhusanna og hlíðarinnar. Hins vegar má vera að rústirnar séu svo sokknar að mönnum hafi yfirsést staðurinn. Tilgáta Bjarna F. Einarssonar um líklegar kirkjurústir<sup>25</sup> reyndist ekki rétt og verður gerð betri grein fyrir því síðar. Jarðabókin greinir hins vegar frá hjáleigu í heimalandi Þiðriksvalla er *Smiðjuhús* heitir. Telja þeir að þar hafi fyrrum verið fjórhus, en síðan byggst úr hjáleiga. Árni og Páll segja að hún hafi fyrst byggð verið „í manna minnum sem nú lifa og oftast síðan byggð verið fyrri en á þessu ári. Er nú í eyði“.<sup>26</sup> Býli þetta mun hafa staðið syðst í svonefndu Kotskarði, næst Húsadalsá, og mótar enn fyrir húsatóttum þar. Árni og Páll segja túnið þar slæmt og spillast af grjóti úr Húsadalsá. Sömuleiðis segja þeir engjar slæmar og að vatnsbólín þrjóti. Smiðjuhús átti hins vegar eftir að byggjast upp aftur og var þar búið vel fram á 19. öld. Mun Tómas nokkur Tómasson, er þar bjó síðast, hafa stundað silungsveiði í Þiðriksvallavatni, að vetrarlagi ofan um ís með ágætum árangri en veiðiaðferð þessi síðan lítt eða ekki stunduð.<sup>27</sup> Veiði er frekar lítil í vatninu en þó misjöfn eftir árum. Þar sem vatnið er mjög djúpt og snardýpkar út frá löndum er sennilega lítill gróður í því. Í vatninu er bleikja og urriði, en sjóbirtingur sést þar ekki. Venjulega leggur vatnið er kemur fram að jólum og helst svo fram um sumarmál. Þann tíma er það þjóðbraut gegnum dalinn þar sem hlíðin er illfær vegna fannfergis. Segir þjóðsagan að ekkja ein er bjó þar í dalnum ásamt tveimur

<sup>24</sup> *Örnefnastofnun*. Örnefnaskrá. Þiðriksvellir. Magnús Steingrímsson skráði eftir handriti Stefáns Pálssonar, sem gert var á Víðidalssá 10. mars 1953, bls 5-6.

<sup>25</sup> Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning*, bls. 6.

<sup>26</sup> *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns VII*, bls. 395.

<sup>27</sup> *Örnefnastofnun*. Örnefnaskrá. Þiðriksvellir. Magnús Steingrímsson skráði eftir handriti Stefáns Pálssonar, sem gert var á Víðidalssá 10. mars 1953, bls. 2 og Pétur Jónsson frá Stökkum: *Strandamannabók*, bls. 62.

sonum sínum, hafi lagt það á að ísinn á Þiðriksvallavatni skyldi eigi verða manngengur fyrr en á jólaföstu og að veiði yrði eigi stunduð þar að gagni, eftir að synir hennar drukknuðu þar í vatninu við silungsveiðar.

Fleiri gamalla býla er getið í heimildum. Í jarðabók Árna og Páls segir að í heimalandi Vatnshorns sjáist tóftir og garðar afgangals býlis er *Skerpingsstaðir* nefnast. Jóhann Hjaltason telur þetta býli hafa staðið við svonefndan Fremristekk, en „þar eru rústir, meiri en svo að þær væru aðeins eftir stekki, enda er ekki vitað til að hann væri þar, sást fyrir túngarði og rækt í túni“.<sup>28</sup> Einnig hafa fundist rústir gamals býlis framan við Stúlkuhól, neðarlega með Grímsegili.



Mynd 5. Síðasti bærinn á Þiðriksvöllum, líklega tekin á 5. áratug síðustu aldar. Úr safni Brynjólfs Gíslasonar.

Árið 1930 var gert fasteignamat á Þiðriksvöllum og var þá tvíbýli á jörðinni. Á öðrum helmingnum bjuggu þá Daníel Ólafsson og Ragnheiður Árnadóttir ásamt börnum, en þau bjuggu á Þiðriksvöllum á árunum 1927-1941, er þau fluttust á landnámsjörðina Tröllatungu. Á hinum helmingnum bjuggu Trausti Sveinsson og Hólmfríður Jónsdóttir og börn þeirra. Trausti fluttist að jörðinni árið 1929 og bjó þar til æviloka árið 1941 en Hólmfríður bjó þar áfram, til 1946. Þann næsta vetur var jörðin í eyði, eða þar til Gíslí Konráðsson og kona hans, Sigurborg

<sup>28</sup> *Örnefnastofnun*. Örnefnaskrá. Vatnshorn. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði eftir Jóhanni Hjaltasyni, í Reykjavík 14. nóvember 1977. Gengið frá handritinu 30. janúar 1978, bls. 8.

Bjarnadóttir keyptu jörðina og bjuggu þar ásamt börnum sínum. Árið 1953 fluttust þau á brott vegna virkjunar í Þverá.<sup>29</sup> Í fasteignamatinu er talinn upp húsakostur og greint frá ýmsu öðru er jörðinni viðkemur. Íbúðarhús Trausta og Hólmfríðar var þá nýbyggt timburhús, ein hæð og port, með járnþaki. Þau áttu fjós úr torfi er rúmaði 2 kýr, hlöður tvær úr torfi, 150 rúmmetra að stærð og fjárhús er rúmuðu 90 fjár. Daníel og Ragnheiður bjuggu í portbyggðri baðstofu úr torfi, en með timburhlið. Geymsluhús úr torfi hefur verið sambyggt baðstofunni. Síðar hefur torfbærinn orðið að víkja fyrir nýju timburhúsi eins og sjá má af myndinni hér að neðan. Af útihúsum eru nefnd fjós úr torfi fyrir 2 kýr, gamalt hesthús fyrir 3 hross, fjárhús er rúmaði 70 fjár og þrjár hlöður, 168 rúmmetrar að stærð.<sup>30</sup>

---

<sup>29</sup> Jón Guðnason: *Strandamenn. Æviskrár 1703-1953*, bls. 271 og 307.

<sup>30</sup> Þí. Fasteignamat 1930. Hrófbergshreppur, nr. 3 Þiðriksvellir, ábúandi Trausti Sveinsson og Fasteignamat 1930. Hrófbergshreppur, nr. 4 Þiðriksvellir, ábúandi Daníel Ólafsson.



### III. Rústasvæðið



Mynd 6. Uppmældar og skráðar minjar á Þiðriksvöllum. Ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.



Mynd 7. Austurluti minjasvæðis á Þiðriksvöllum. Uppmældar minjar ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.





Mynd 8. Vesturhluti minjasvæðis á Þiðriksvöllum. Uppmældar minjar ofan á loftmynd frá Loftmyndum ehf.

Númer fasta-punkts	Staðarhnit X	Staðarhnit Y	Metrar yfir sjávarmáli	Breiddargráður	Lengdargráður	Metrar yfir sjávarmáli GPS	Uppgefin nákvæmni GPS
102	5013,64	5040,97	81,06	65°40'37,40334''N	21°46'49,90223''V	83,77	1,505m
105	4983,05	4942,69	81,57	65°40'36,95431''N	21°46'58,03572''V	77,73	2,492m

Sett var upp staðarhnitakerfi og valinn fastur stöðvarpunktur skammt vestan við bæjarhólinn. Stöðin fékk hnitin X 5000 og Y 5000. Y ásinn hækkar til norðurs en X ásinn til austurs. Allar mælingar voru gerðar með Nikon XXX alstöð og fluttar beint yfir í Exelskrár í tölvu. Rústirnir voru síðan teiknaðar í landupplýsingaforritinu MapInfo. Tveir fastir punktar voru mældir inn með GPS mælitæki. Notað var tækið Trimble Geoexplorer II, en með því tæki má mæla punkta með nokkurri nákvæmni ef leiðrétt er eftirá miðað við fastar mælistöðvar Siglingamálastofnunar.


Á Þiðriksvöllum geymir jörðin ummerki um búsetu manna undangengnar 11 aldir og sennilega eru flest þau mannvirki er jörðin geymir hulin sjónum manna í dag. Árið 1930 voru túnin hjá þeim Trausta og Daníel um 3 ½ hektari að stærð og var búið að slétta um fjórðung af þeim með vélum. Á næstu tveimur áratugum er jörðin var í byggð hefur áfram verið unnið að þessu framfaramáli bænda. Fyrir minjavörsluna hefur þetta hins vegar þær afleiðingar að ummerki genginna kynslóða mást burt.

Annað framfaramál á 20. öld eru virkjanaframkvæmdir, en með hækkun Þiðriksvallavatns hefur mannvirkjum er næst stóðu vatninu skolað burt og um þriðjung af bæjarhólum sjálfum. Loks má nefna náttúruna sjálfa er með eyðingarmætti sínum, rofi og jarðvegsþykkun, verður til þess að gamlar tóttir hverfa eða sökkva í jörðu. Með því að kortleggja, skrá og lýsa rústum á svæðinu er reynt að stuðla að varðveislu og halda til haga upplýsingum um húsakost og hífylahætti genginna kynslóða og dregin upp mynd menningarlandslags á tilteknu svæði. Þær rústir er sjáanlegar eru á yfirborðinu og voru mældar upp eru 34 talsins og eru til merkis um þann

fjölbreytileika mannvirkja er tilheyrir einu meðalbýli. Þarna er að finna, auk sjálfs bæjarhólsins, skemmur, fjós, brunnhús, hesthús, fjárhús, hlöður, hrútakofa, kálgarða, túngarða, smiðju, nátthaga, stekki, lambakró, varnargarða og hjáleigur og er þá ekki allt upp talið. Minjagildið felst ekki aðeins í upplýsingagildinu fyrir fræðimenn, heldur ekki síður menntunargildinu fyrir námsfólk og almenning er nýtur útivistar á fjölbreytilegum minjastað. Það er því sjálfsagt að sveitarfélög leggi mat á slíkt er áætlanir eru gerðar um landnotkun í skipulagi. Hér á eftir er gerð grein fyrir einstökum mannvirkjum.



## Mannvirki 1 - Bæjarhóll



Mynd 9. Mannvirki 1. Bæjarhóllinn og minjar á og við hólinn. Könnunarskurður sýndur sunnan við minjarnar. ÞH, 2000.

Íslensku sveitabæirnir hafa margir hverjir öldum saman staðið á sama stað. Við endurbyggingu eða viðgerðir einstakra húsa hafa með tímanum hlaðist upp manngerðir bæjarhólar. Með fornleifarannsókn má því oft rekja þróun torfbæjanna aftur á miðaldir. Bæirnir þurfa mikið viðhald og bændur þurftu að dytta að húsum á hverju sumri. Með reglulegu millibili varð að hlaða upp torf og grjótvaggi og skipta út fúnum spýtum úr burðargrindinni. Við hverja viðgerð varð breyting á bænum og hver kynslóð lagaði hann að þörfum sínum og tók upp nýja

tækni. Á Þiðriksvöllum var tekið snið í gegnum bæjarhóllinn og reyndist hann vera 2.5 metrar á þykkt. Efst eru ummerki síðasta bæjarins, er fór í eyði árið 1953, en neðst eru minjar frá landnámi (árabilinu 880 – 1030 e. Kr.). Bæjarhóllinn á Þiðriksvöllum geymir því í sér um 1100 ára þróunarsögu vestfirskis torfbæjar. Eftirtektarverð er hin góða varðveisla gripa, en trémunir og bein rotna seint eða illa í þeim jarðvegi er grafið var í. Við uppgröftinn fékkst mikið safn trémuna úr lagi er hefur verið aldursgreint til 11.-13. aldar. Óhætt er að taka

undir orð Bjarna F. Einarssonar þar sem hann segir í skýrslu sinni, að bæjarhóllinn „geymir slíkt magn upplýsinga að hann hlýtur að falla í hæsta minjaflokk og slíkur staður verður ekki fjarlægður eða settur á kaf nema að undangenginni rannsókn“.<sup>31</sup>



Mynd 10. Horft til austurs, eftir sniðinu sem tekið var í gegnum bæjarhóllinn. Myndin er tekin 28. ágúst 2000.

Nú þegar er hóllinn töluvert eyddur vegna vatnságangs. Myndin sýnir útlínur bæjarhólsins og ummerki síðustu bygginga á hólnum. Norðvestan við íbúðarhúsin voru fjós og hesthús og sást móta fyrir þeim, en vatn hefur brotið úr bakkanum þar sem þau stóðu. Uppgraftarsvæðið er rauðbrúnt á myndinni og er sniðið um 28.8 metrar á lengd. Um rannsóknina á bæjarhólnum er fjallað sérstaklega í IV. kafla.


Myndir: ÞH: 1. sept. 2000.

Stafræn: (149,S), (150,V), (151,N), (152,S), (153,V), (154,NV), (155,NV), (156,SV), (157,SV), (158,SSV), (159,S), (160,S súrheysgrýfja), (161,NV hesthús í norðausturhorni bæjarhóls), (162,NA fjós í norðausturhorni bæjarhóls), (163,V norðvesturhorn bæjarhóls, brunnhús fjær).

<sup>31</sup> Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning*, bls. 8. (Framvegis nefnd Fornleifaskrá BFE).

Frumteikning ÞH, 23. ágúst 2000. (Mannv. nr. 1).  
Fornleifaskrá BFE.: nr. 5:12

## Mannvirki 2 – Brunnhús



Mynd 11. Mannvirki 2. ÞH, 2000.

Rústin er á svæði sem hefur farið undir vatn. Grunnurinn hefur því skolest til og útlínur eru óljósar. Öllu torfi hefur skolað burt og stendur aðeins grjótið eftir. Mannvirkið er frá fyrri hluta 20. aldar og að hluta til steinsteypt. Krístrún Daníelsdóttir og Árni Daníelsson<sup>32</sup> könnuðust við bygginguna og sögðu hana hafa verið brunnhús. Rétt er að geta þess að vatn hefur einnig verið leitt nær bænum, ekki aðeins með því að grafa brunn, heldur má sjá í túninu að grafinn hefur verið langur skurður er nær allt að Nautadalsá og hefur tilgangurinn væntanlega verið sá að leiða vatn að bænum. Skurður þessi er ekki merktur hér sem sérstakt mannvirki, en er greinilegur á yfirlitskortinu.

Myndir: ÞH: 27. ágúst 2000

Stafræn: (28,NA), (29,SA), (30,A).

Canon: (35,A)

Frumteikning ÞH, 23. ágúst 2000. (Mannv. nr. 2)


<sup>32</sup> Hér eftir skammstafað KD (fyrir Krístrún Daníelsdóttir) og ÁD (fyrir Árni Daníelsson)

## Mannvirki 3 – Hesthús



Mynd 12. Mannvirki 3, hesthús. Öllu torfi hafði skolað af ýmsum mannvirkjum næst vatninu og aðeins hleðslugrjótið stóð eftir. ÞH, (mynd 18, NV), 27. ágúst 2000.

Rústin hefur verið í kafi. Útlínur eru fremur óljósar og grjót hefur safnast upp í hrúgur og torf skolast burt. Svo virðist sem inngangurinn í það hafi verið að norðanverðu á húsinu miðju. KD og ÁD segja að þarna hafi staðið hesthús.




Mynd 13. Mannvirki 3. ÞH, 2000.

Myndir: ÞH: 27. ágúst 2000  
Stafræn: (18,NV), (19,NA), (20,SA), (25,SA)  
Canon (filma 1): (1,SA).

Frumteikning ÞH, 27. ágúst 2000. (Mannv. nr. 3)

## Mannvirki 4 - Rúst



Mynd 14. Mannvirki 4. ÞH, 2000.


Vatn hefur flætt yfir rústina og skolað burt öllu torfi. Grjót hefur nokkuð skolast upp í hrúgur. KD og ÁD könnuðust ekki við mannvirkið; sennilega orðin rúst er þau bjuggu á staðnum. Útlínur sumra veggja eru nokkuð greinilegar og við innganginn eru stórar hellur.

Myndir: ÞH: 27. ágúst 2000  
Stafræn: (21,N), (22,V), (23,SA), (24,NV).  
Canon: (37,NV).

Frumteikning ÞH, 27. ágúst 2000. (Mannv. nr. 4)

## Mannvirki 5 – Rúst

Rústin hefur legið undir vatni og hefur skolast af henni. Þetta er mikið mannvirki og sjást útlínur nokkuð greinilega þó að sumir veggir hafi gengið nokkuð til. Svo virðist sem gengið hafi verið inn í hús þessi frá tveimur stöðum, suðurendanum og á vesturhlið.



Mynd 15. Mannvirki 5. ÞH, 2000.

Tekið var snið í gegnum mannvirkið en ekki var unnt að aldursgreina það né segja til um hlutverk út frá niðurstöðunum.




Mynd 16. Mannvirki 5. Öllu torfi hefur skolað af rústinni. Snið (snið A) var tekið í gegnum hana. ÞH, (mynd 26, N), 27. ágúst 2000.

Myndir: ÞH, 27. ágúst 2000  
Stafræn: (26,N), (27,S)  
Canon: (36,N)

Frumteikning ÞH, 27. ágúst 2000. (Mannv. nr. 5)

## Mannvirki 6 - Brunnhús



Mynd 17. Mannvirki 6, ÞH, 2000.

Útlínur lítils kofa með rúmlega 1 metra þykkum veggjum. KD og ÁD kunnu ekki skil á mannvirkinu. Brynjólfur Gíslason<sup>33</sup> taldi fyrir víst að bygging þessi hefði verið brunnhús; yfirbyggður brunnur. Byggingin hefur því sennilega ekki verið byggð fyrr en á búskaparárum Gísla Konráðssonar á árunum 1947-1953. Rústin hefur legið undir vatni og torf skolast af henni.

Myndir: ÞH: 31. ágúst 2000  
Stafræn: (54,SV), (55,N)  
Canon: (2) 21,SV

Frumteikning ÞH, 30. ágúst 2000. (Mannv. nr. 6)  
Fornleifaskrá BFE nr. 5:11

<sup>33</sup> Hér eftir skammstafað BG (fyrir Brynjólfur Gíslason).






Mynd 18. Brunnhús (M6) í forgrunni, bæjarhóll og rannsóknarskurður í bakgrunni. ÞH, (mynd 55, N) 31. ágúst 2000.

### Mannvirki 7 – Rúst

Rústin hefur legið undir vatni. Útlínur húsa eru nokkuð greinilegar, en nyrsti hluti rústarinnar hefur skolast burt. Hellulagður inngangur er úr suðaustri í fremra rými (ca. 2 ½ x 3 metrar) og er útskot til hægri er gengið var inn. Gengið var áfram inn um dyr í annað rými (ca. 2 ½ x 4 metrar). KD og ÁD könnuðust ekki við mannvirkið.



Mynd 19. Mannvirki 7. ÞH, 2000.

Myndir: ÞH: 31. ágúst 2000  
Stafræn: (88,NV), (89,NA), (90,SA)  
Canon: (2) 11,NV


Frumteikning ÞH, 30. ágúst 2000. (Mannv. nr. 7).  
Fornleifaskrá BFE nr. 5:18 (?)

### Mannvirki 8 – Fjánhús, hrútakofi, hlöður

Fjánhús þessi voru í notkun á búskaparárum þeirra Daníels Ólafssonar og Trausta Sveinssonar upp úr 1930 og deildu þeir með sér þessum húsum. Svo er að sjá af túnakorti frá 1917 að byggingar hafi verið á þessum stað, en ljóst er að M8 var byggt ofan í eldri rústir og sjást þær greinilega í kringum vesturhorn þess. Aðalhúsið skiptist í tvennt og er hlaða innar en fjánhús framar með gördum eftir því endilöngu. Þrjú steinsteypt fjárböð eru í rústinni. Við austurvegginn er hrútakofi og stendur að nokkru uppi og að hluta til þakið einnig. Veggir eru úr torfi og grjóti og spýtnabrak á víð og dreif í rústinni ásamt bárujárnri og öðru járnri. Rústin er vel gróin.



Mynd 20. Mannvirki 8. ÞH, (mynd 92, V) 31. ágúst 2000.




Mynd 21. Mannvirki 8. ÞH, 2000.

Myndir: ÞH: 31. ágúst 2000  
 Stafræn: (91,NV), (92,V), (93,N), (94,SA), (95,SA  
 hrútakofi)  
 Canon (2): 10NV, 9A, 8V, 7V, 6V

Frumteikning ÞH, 30. ágúst 2000. (Mannv. nr. 8)  
 Fornleifaskrá BFE nr. 5:1

## Mannvirki 9 og 11- Rúst og kál- garður

Útlínur rústar (M9) eru nokkuð óljósar og hefur kálgarðurinn (M11) verið hlaðinn ofan í hana. Sennilega er um fjárhús og hlöðu að ræða, svipað að gerð og M10. Kálgarðurinn er um 20 x 22 metrar að stærð og vel gróinn. Hann var í notkun í minni KD.



Mynd 22. Mannvirki 9. ÞH, 2000.


Myndir: ÞH: 31. ágúst 2000  
 M9: Stafræn: (96,NV), (97,V)  
 Canon: (2) 5A

Myndir: ARG: 2. sept. 2000  
 M11: Stafræn: (32,NA), (33,NV), (34,SA), (35,SV),  
 (36,NA)  
 Canon: (3) 4NV

Frumteikning ÞH, 30. ágúst 2000 (Mannv. nr. 9 og  
 21).  
 Fornleifaskrá BFE nr. 5:3

## Mannvirki 10 – Fjárhús og hlaða

Rústin er vel gróin en útlínur þó nokkuð greinilegar. Við norðausturhorn byggingarinnar hefur inngangurinn verið. Þar hefur verið gengið inn í fjárhús og er garður eftir því endilöngu. Op hefur verið inn í innra rými þar sem verið hefur heyhlaða. Á túnakorti frá 1917 er merkt inn bygging á þessum slóðum og gæti það verið þessi. Byggingin hefur verið komin úr notkun er ÁD bjó á Þiðriksvöllum. Hugsanlega hafa þessi hús verið lögð af og jafnvel einnig M9, er hin nýju fjárhús (M8) voru byggð.



Mynd 23. Mannvirki 10. ÞH, 2000.



Mynd 24. Mannvirki 10. ÞH (mynd 99, SV), 31. ágúst 2000.

*Myndir:* ÞH: 31. ágúst 2000  
 Stafræn: (98,NA), (99,SV), (100,NV)  
 Canon: (2) 4,SV

Frumteikning ÞH, 30. ágúst 2000 (Mannv. nr. 10)  
 Fornleifaskrá BFE nr. 5:2

## Mannvirki 12 - Garður


Mikill garður, vel gróinn, þýfður og sokkinn. Garðurinn er um 76 metrar að lengd en er rofinn að hluta þar sem nýrri traðir eða vegur gengur yfir hann. Gæti verið nokkuð forn túngarður. Garðurinn virðist tengjast M13.

*Myndir:* ARG: 2. sept. 2000  
 Stafræn: (37,V), (38,SV), (39,A), (40,SV), (41,S)  
 Canon: (3) 3,A

Fornleifaskrá BFE nr. 5:5

## Mannvirki 13 - Rúst

Kró er virðist vera í tengslum við garðinn (M12). Í Fornleifaskrá Bjarna F. Einarssonar er gerð grein fyrir tveimur hólfum, en nokkuð virðist það óljóst, enda landið þýft.




Mynd 25. Mannvirki 13. ÞH, 2000.

*Myndir:* ÞH: 2. sept. 2000  
 Stafræn: (2,N), (3,A), (4,S), (5,V)  
 Canon: (3) 17,V

Frumteikning ÞH, 2. sept. 2000. (Mannv. nr. 15)  
 Fornleifaskrá BFE nr. 5:4

## Mannvirki 14 – Rúst



Mynd 26. Mannvirki 14. ÞH, 2000.

Útlínur eru ógreinilegar, enda rústin þýfð og sokkin. Mannvirkið er úr torfi og virðist vera tvískipt með dyrum á milli auk dyra á suður og austurhlið. Heimildarmenn kunnu ekki skil á mannvirkinu.

Myndir: ÞH: 4. sept. 2000  
Stafræn: (82,NA)

Frumteikning ÞH, 4. sept. 2000. (Mannv. nr. 40).  
Fornleifaskrá BFE nr. 5:17


## Mannvirki 15 - Rúst

Þrjú hús eru í rústinni. Það nyrsta og stærsta er með inngangi í norðausturhorni rústarinnar og garði eftir miðju rýminu. Þaðan er innangengt í miðrýmið og svo er að sjá að þaðan hafi verið innangengt í syðsta rýmið. Það hús hefur inngang í suðvesturhorninu. Veggir eru grónir, en útlínur vel greinanlegar. Heimildarmenn kunnu ekki skil á mannvirkinu, en sennilega er þetta fjárhús, hlaða og hrútakofi syðst.



Mynd 27. Mannvirki 15. ARG (mynd 30, N), 2. september 2000.

Myndir: ARG: 2. sept. 2000  
Stafræn: (28,S), (29,A), (30,N), (31,N)  
Canon: (3) 5,N




Mynd 28. Mannvirki 15. ÞH, 2000.

Frumteikning ÞH, 2. sept. 2000 (Mannv. nr. 20).  
Fornleifaskrá BFE nr. 5:16



## Mannvirki 16 – Rúst




Mynd 29. Mannvirki 16. ÞH, 2000.

Rústin er úr torfi, vel gróin en greinileg. Inngangur er í norðausturhorni.

*Myndir:* 2. sept. 2000  
*Stafræn:* (18,N), (19,S)  
*Canon:* (3) 9,NV  
Frumteikning ÞH, 2. sept. 2000 (Mannv. nr. 16)  
Fornleifaskrá BFE nr. 5:7

## Mannvirki 17 – Rúst




Mynd 30. Mannvirki 17. ÞH, 2000.

Bjarni F. Einarsson greindi þrjú hólf í rústinni, en hún er þýfð og sokkin og skil mjög óljós. Fátt verður sagt um hlutverk eða notkun.

*Myndir:* ARG: 2. sept. 2000  
*Stafræn:* (20,S), (21,NV), (22,SV)  
*Canon:* (3) 9,NV

Frumteikning ÞH, 2. sept. 2000 (Mannv. 17)  
Fornleifaskrá BFE nr. 5:6

## Mannvirki 18 – Rúst



Mynd 31. Mannvirki 18. ÞH, 2000.

Rústin er þýfð, sokkin og ógreinileg. Túlkun er að nokkru frábrugðin túlkun BFE, en hann gerir grein fyrir tveimur hólfum í mannvirkinu og segir dyr ekki greinanlegar. Hér er gert ráð fyrir einu óskiptu húsi og virðist inngangur vera í norðurenda.

*Myndir:* ARG: 2. sept. 2000  
*Stafræn:* (23,N), (24,SV), (25,S)  
*Canon:* (3) 7,N


Frumteikning ÞH, 2. sept. 2000  
Fornleifaskrá BFE nr. 5:9

## Mannvirki 19 – Brunnur

Brunnur við náttþaga (M20). Grafir hola í jörðu, u.þ.b. 1 meter í þvermál. Holan er mjög farin að fyllast og gróa saman.

*Myndir:* ARG: 2. sept. 2000  
*Stafræn:* (26,N), (27,N)  
*Canon:* (3) 6,NV (4) 24,N

## Mannvirki 20 – Náttþagi



Mynd 32. Mannvirki 20. ÞH, 2000.


Veggir eru úr torfi og vel varðveittir, uppstandandi að mestu, um 0.6-1.5 metrar á þykkt og 0.2-0.7 metrar á hæð, í grónu landi. ÁD bar kennsl á rústina og sagði þetta vera náttþaga fyrir hross. Mannvirkið var því í notkun á fyrri hluta 20. aldar.

*Myndir:* ÞH: 31. ágúst 2000  
*Stafræn:* (105,SV), (106,NV), (107,N)  
*Canon:* (2) 2,SV

Frumteikning ÞH, 30. ágúst 2000 (Mannv. 12)  
Fornleifaskrá BFE nr. 5:8

## Mannvirki 21 – Rúst

Rúst þessi hefur legið undir vatni og hefur að mestu skolast burt. Útlínur eru lítt eða ekki greinanlegar.



Mynd 33. Mannvirki 21. ÞH, 2000.

*Myndir:* ÞH: 31. ágúst 2000.  
*Stafræn:* (108,NV)

Frumteikning: ÞH: 30. ágúst 2000. (Mannv. 14)

## Mannvirki 22 – Rúst og garður með kró

Minjarnar taka yfir stórt svæði. Bjarni F. Einarsson veltir fyrir sér þeim möguleika hvort þetta séu þær rústir sem Stefán Pálsson á við er hann segir að það sé eins og móti fyrir leiðum og kirkjugarði, milli fjárhúsanna og hlíðarinnar. Ekki er fráleitt að álykta svo, því garðurinn í M22 er nokkurn vegin hringlaga, að vísu ekki nema hálfur því vatn hefur skolað burt hluta hans, og er tótt í miðju hans. Þessi garður gerir hins vegar betur en svo að það “móti fyrir honum”,

eins og Stefán orðar það, því hann er í raun uppistandandi, um 1.5 – 2 metra breiður og 0.4 – 1.0 metra hár úr torfi. Þetta getur því tæplega verið sá garður er Stefán “sá móta fyrir” árið 1953.



Mynd 34. Mannvirki 22 fyrir miðri mynd, tekin ofan af Nautadalsfjalli. Búið er að taka snið (snið C) í gegnum garðinn og inn í hringlaga tóftina í miðju gerðisins. Að austanverðu hefur vatnið skolað burt minjunum. ÞH, (mynd 74) 31. ágúst 2000.

Engu að síður var ákveðið að taka snið í gegnum garðinn og inn í tóttina í miðju. Engar mannvistarleifar var að sjá þar aðrar en þær sem sjást á yfirborðinu, en ef um kirkjugarð væri að ræða hefði mátt vænta þess að finna grafir. Bjarni segir einnig að hugsanlega sé þetta náttthagi. Sennilega eru rústir þessar tiltölulega ungar þó ekki sé víst að þær séu allar byggðar á sama tíma. Ekki er fráleitt að gerðið hafi verið byggt utan um fjárskýli eða lambhús, en rúst þessi er nánast hringlaga með veggjum úr torfi og grjóti, 2-3 metra breiðum og 0.4-0.7 metra háum.

Myndir: ÞH: 31. ágúst 2000  
Stafræn: (109,S), (110,A), (111,N), (112,V)  
Canon: (2) 1,S  
Snið:  
Stafræn (mappa 3) 6-17  
Canon (3) 10-16

Frumteikning ÞH, 31. ágúst 2000 (Mannv. 13)  
Fornleifaskrá BFE nr. 7:1-2, 7:1 og 7:2


## Mannvirki 23 – Túngarður

Túngarðurinn liggur suðvestan við bæjarhólinn og er ca. 0.5-1 metri á hæð. Hann afmarkar megin rústasvæðið.

Frumteikning ÞH, 31. ágúst 2000 (Mannv. 31)  
Fornleifaskrá BFE nr. 5:13

## Mannvirki 24 – Bústaður (Ísakstóftir?)

Áfastar suðvestan undir túngarðinum (M23) eru svokallaðar Ísakstóttir, kenndar við mann sem þar bjó um skeið, samkvæmt frásögn Brynjólfs Gíslasonar.




Mynd 35. Mannvirki 22. ÞH, 2000.



Mynd 36. Mannvirki 24. Gísli Brynjólfsson taldi þetta vera hinar svokölluðu Ísakstóftir. ÞH, (mynd 101, SV) 31. ágúst 2000.

Myndir: ÞH: 31. ágúst 2000  
 Stafræn: (101,SV), (102,NV), (103,NA), (104,S)  
 Canon: (2) 3,SV


Frumteikning ÞH, 30. ágúst 2000 (Mannv. 11)  
 Fornleifaskrá BFE nr. 5:14



Mynd 37. Mannvirki 24. ÞH, 2000.

## Mannvirki 25 - Kofi

Rétt suðvestan við Ísakstóttir er lítið mannvirki í þýfðu og vel grónu umhverfi. Er rústin sokkin og ógreinileg.



Mynd 38. Mannvirki 25. ÞH, 2000.

Myndir: ÞH: 4. september 2000  
 Stafræn: (80,N), (81,V)

Frumteikning ÞH, 4. september 2000 (Mannv. 11b)  
 Fornleifaskrá BFE nr. 5:15

## Mannvirki 26 - Garður

Mikill vel gróinn garður. Hugsanlega hefur hann tengst túngarðinum (M23) og svo hefur gaddavírsgirðing legið að honum (M27).

Myndir: ARG: 2. september 2000  
 Stafræn: (42,S), (43,S), (44,SV), (45,V), (46,A)  
 Canon: (3) 3,S

Frumteikning ÞH, 2. september 2000 (Mannv. 23)

## Mannvirki 27 - Hleðsla

Með Nautadalsánni að austan hefur verið hlaðið undir gaddavírsgirðingu. Um er að ræða grjót og mold, nú vel gróið. Bændur hófu að leggja gaddavírsgirðingar upp úr aldamótunum 1900



og samkvæmt 100 ára reglunni geta slík mannvirki því talist til fornleifa (sbr. 9 gr. Þjóðminjalaga nr. 107/2001). Mannvirkið er því skráð hér og teiknað upp á yfirlitsmynd.


*Myndir:* ARG: 3. september 2000

Stafræn: (58,N), (63,NV), (72,N), (73,A), (74,S)

Canon: (4) (11,N), (15,N)

Frumteikning ÞH, 2. september 2000 (Mannv. 26)

## Mannvirki 28 og 29 – Kálgarður og rétt



Mynd 39. Mannvirki 28 og 29. ÞH, 2000.

Mikið mannvirki, samhangandi kál- eða kartöflugarður (M28) sem liggur fyrir ofan rétt (M29) með lítilli kró.

*Myndir:* ARG: 3. september 2000

Stafræn: M28: (80,V), (81,NV), (82,NA), (83,A), (84, vídeó)

M29: (85,SV), (86,N), (87,A), (88,video)

Canon: M28: (4) 8,SA, 7,V

M29: (4) 6,V

Frumteikning ÞH, 2. september 2000 (Mannv. 28 og 29)

Fornleifaskrá BFE nr. 6 :1



Mynd 40. Yfirlitsmynd sem sýnir minjar vestast við Nautadalsána. Mannvirki 32 er áberandi fyrir miðri mynd rétt við ána. ARG (mynd 59), 3. september 2000.

## Mannvirki 30 – Stekkur


Lítill kró eða stekkur, hlaðinn í náttúrulegri dæld.

*Myndir:* ARG : 3. sept. 2000

Stafræn: (75,S), (76,N), (77,V), (78,A), (79, vídeó)

Canon: (4) (10,S) (9,N)

Frumteikning ÞH, 2. september 2000 (Mannv. 27)



Mynd 41. Mannvirki 30. ÞH, 2000.

## Mannvirki 31 - Garður

Garðhleðsla við gamlan árfarveg Nautadalsárinnar. Líklega hefur áin rofið úr mannvirkinu.

Frumteikning ÞH, 2. september 2000 (Mannv. 30)

## Mannvirki 32 - Rúst


Mikið mannvirki að því er virðist á upphækkuðum hól. Spurning vaknar hér um það hvort þetta sé hugsanlega íbúðarhúsnæði. Er hugsanlegt að þetta séu Ísakstóttir, en ekki mannvirki M24? Hugsanlegt er einnig að hér sé um að ræða fjárhús og hlöðu.



Mynd 42. Mannvirki 32. ARG (mynd 66, SA), 3. september 2000.

*Myndir:* ARG: 3. september 2000  
Stafræn: (64,S), (65,N), (66,SA)  
Canon: (4) 13,S

Frumteikning ÞH, 2. september 2000 (Mannv. 24)




Mynd 43. Mannvirki 32. ÞH, 2000.

## Mannvirki 33 - Varnargarður?

Grjóthlaðinn garður við bakka Nautadalsár. Líklega hlaðinn í varnarskyni fyrir ánni.

*Myndir:* ARG: 3. september 2000  
Stafræn: (67,V), (68,V), (69,A), (70,SV)  
Canon: (4) 12,V  
Frumteikning ÞH, 2. september 2000 (Mannv. 25)

## Mannvirki 34 – Náttthagi



Mynd 44. Mannvirki 34. ÞH, 2000.

Náttthagi fyrir hross, með veggjum úr torfi og grjóti, 1-1,5 metra breiðum og 0.3-0.7 metra háum, vel grónir og uppistandandi. Ekki hefur

verið þörf á að hlaða suðurvegginn þar sem Daláin rennur hjá.

Frumteikning ÞH, 4. september 2000 (Mannv. 41)  
Fornleifaskrá BFE nr. 4:1

## IV. Könnunarskurðir

### IV.1 Rannsókn á bæjarhól

#### Aðferðir

Samkvæmt samningi átti uppgröftur á staðnum að standa í 15 daga. Rannsóknaraðferðir miðuðust við að ná sem bestum upplýsingum um bæjarhólinn og aðrar valdar rústir með rannsóknarskurðum. Allar rústir ásamt helstu staðháttum í námunda við þær voru mældar upp og kortlagðar.

Sett var upp staðarhnitakerfi og valinn fastur stöðvarpunktur skammt vestan við bæjarhólinn. Stöðin fékk hnitin X5000 og Y5000. Y ásinn hækkar til norðurs en X ásinn til austurs. Allar mælingar voru gerðar með Nikon alstöð og fluttar beint yfir í Excelskrár í tölvu.

Tveir fastir punktar voru mældir inn með GPS mælitæki. Notað var tækið Trimble Geoexplorer II, en með því tæki er hægt að mæla punkta með töluverðri nákvæmni með því að leiðrétta skekkju eftirá með samanburði við mælingar Siglingamálastofnunnar á föstum stöðvum hennar (sjá töflu á bls. 14).

Vegna hins skamma tíma sem ætlaður var til rannsóknarinnar var nauðsynlegt að nota vélgröfu að miklu leyti við uppgröftinn. Áður en hafist var handa við rannsóknarskurð þvert á bæjarhólinn var brotsár bæjarhólsins, þar sem vatn og ís hefði sorfið af honum, skoðað en bæjarhóllinn hefur verið umflotinn vatni frá því að virkjað var. Á einum stað við hólinn norðaustanverðan var heppilegt að hreinsa rofið til að skoða jarðlög áður en uppgröftur hæfist. Hér var grafinn prufuhola niður fyrir mannvistarlög. Tveir metrar voru frá yfirborði niður fyrir öll mannvistarlög á þessum stað. Jarðlagaskipan virtist vera einföld,- rótaðar torfmoldir frá yfirborði og 1 m niður, en annars að mestu dökkan leirmoldir. Um 1,2 m undir yfirborði var 10 cm þykkt lag þar sem mikið var af beinum og viðarleifum, sem ekki virtust ýkja gamlar. Neðst var þunnt kolalag. Enga gjósku var að sjá í prufuholunni.

Vegna tímaskorts var sá háttur hafður á við gröft á aðalrannsóknarsvæðinu að vélgrafan var stöðvuð ef mannvirki eða annað athyglisvert virtist vera að koma í ljós. Þá var handgrafið frá mannvirkjunum og þau teiknuð og mæld inn. Þetta á þó ekki við lögin næst yfirborði eða lög 98 og 99, sem voru fjarlægð með gröfu án þess að grjóthleðslur væru sérstaklega athugaðar. Þá var allt svæðið handhreinsað í fjögur skipti, flöturinn teiknaður og ljósmýndaður.


Þessi graftaraðferð hefur þann kost að vera afar fljótvirk en hins vegar verður ekki hjá því komist að finni drættir í jarðlagaskipan tapist. Auk þess er hætt við að töluvert af fundum fari forgörðum við vélgröftinn.

Grafinn var 2,5 m breiður og um 30 m langur skurður þvert á bæjarhólinn skammt sunnan síðustu bæjatófta. Grafið var niður fyrir öll mannvistarlög og var mesta dýpt skurðarins 2,5 m.

#### Afstaða jarð- og mannvistarlaga

Jarðlagaskipan í rannsóknarskurðinum kemur skýrt fram á sniðteikningunni. Hér að neðan má sjá skematíska mynd af afstöðu jarðlaga. Tímaskortur leyfði ekki að gerðar væru teikningar í fleti af efstu lögnum. Grafan fjarlægði þannig **lög 98 og 99** ásamt hluta af lagi hundrað áður en byrjað var að teikna í fleti. Í þessum tveimur efstu lögum var að finna töluvert af glerbrotum, leirkerabrotum og ýmsum járnbrotum flest greinilega frá 19. og 20. öld.





**Lag 100** var leirkennt dökkt úrgangslag, sem í var mikið af vel varðveittum dýrabeinum og viðarleifum. Ástand þessara leifa benti ekki til háa aldurs, og héldum við helst að þetta lag gæti ekki verið miklu eldra en frá 18. eða 19. öld. Þykkt lagsins og útbreiðsla benti þó til þess að það hefði myndast á löngum tíma. Grafa var notuð við að fjarlægja lagið en það var mælt og teiknað í fleti ofarlega og neðarlega. Beinum og viði sem mannaverk voru á var haldið til haga eftir föngum en nánari staðsetning innan lagsins

ekki mæld, enda enginn tími til slíkrar nákvæmni.

Undir lok uppgraftartímans kom til okkar jarðfræðingurinn Magnús Sigurgeirsson. Greining hans leiddi í ljós að gjóska, sem var að finna neðarlega í lagi 98 (yngsta mannvistarlaginu í sniðinu) væri úr Kötlugosi frá árinu 1721 (sjá meðfylgjandi skýrslu), en við höfðum ætlað að lag 98 væri að mestu frá 20.öld. Þá var ljóst að bæjarhóllinn og þar með lag 100 var að stærstum hluta eldri en frá 1700. Tvær aldursgreiningar voru gerðar á dýrabeinum úr þessu lagi auk aldursgreiningar á viðarkolum úr soðholu í elstu mannvistarlögnum. Vegna mikilvægis þessara aldursgreininga fengu tvær þeirra sérstaka flýtimeðferð hjá AMS rannsóknarstofunni í Árósum. Undrun okkar var mikil þegar niðurstöður lágu fyrir. Aldursgreining á beini neðarlega úr laginu bendir til tímabilins 1020 til 1155 en á beini ofarlega laginu 1215 til 1275 (sjá fylgirit). Samkvæmt þessu virðist lagið hafa myndast einhvertíma á tímabilinu frá um það bil 1000 til 1300. Því er ljóst að mikill hluti viðarfunda og beina er frá fyrri hluta miðalda. Hér er því um einstök varðveisluskilyrði að ræða. Varðveisla þessi líkist helst því sem fannst við fornleifarannsóknir á „Bænum undir sandinum“ á Grænlandi sem vöktu mikla athygli fyrir nokkrum árum.<sup>34</sup>

**Lag 101.** Þykkt leirlag með torfskellum.

**Lag 102.** Brúnleitt, skellótt, blandað torflag.

**Lag 103.** Torf eða moðkennt dökkt blautt lag. Í þessu lagi var steinhleðsla M1E (sjá mannvirkjalýsingu hér að neðan). Fylling í niðurgrefti 104.

**Lag 104.** Niðurgroftur/skurður.

**Lag 105.** Móösku- og kolablandað moldarlag.

**Lag 106.** Óhreyfður jarðvegur.

**Lag 107.** Móösku og kolablandað moldarlag.

**Lag 108.** Fylling í Skurði 109. Móösku og kolablönduð mold.

**Lag 109.** Skurður / niðurgroftur

<sup>34</sup> Guðmundur Ólafsson og Svend E. Albrethsen: „Bærinn undir sandinum“, 118-119.

**Lag 110.** Skurður / niðurgröftur fyrir soðholu.

**Lag 111.** Brún torfblönduð mold. Lag í soðholu M1F (sjá umfjöllun hér að neðan)

**Lag 112.** Ljós brún fingerð mól blönduð leir. Lag í soðholu M1F

**Lag 113.** Svört sótuð fingerð mól og kolasalli.. Lag í soðholu M1F

**Lag 114.** Móaska og kol. Soðhola.

**Lag 115** Niðurgröftur soðhola.

Einnig var gerð aldursgreining á viðarkolum úr soðholu eða lagi 110, sem eru elstu mannvistarleifar á staðnum. Sú aldursgreining bendir til að 10. aldar með mögulegan aldur aftur til 9. eða fram á 11. öld. Ekki er hægt að fullyrða að soðholur þessar séu leifar frá fastri búsetu á staðnum, en hið mikla úrgangslag hlýtur að vera tilkomið vegna fastrar búsetu á staðnum. Því er víst að föst búseta hefur hafist á þessum stað á 12. öld eða fyrr. Soðholurnar eru leifar eftir aðsetur manna á staðnum einhvern tíma á tímabilinu 895 til 1030, en ekki er hægt að fullyrða um hvort um fasta búsetu hafi verið að ræða.

## Mannvirki

Mannvirki sem í ljós komu á rannsóknarsvæðinu voru of brotakennd eða af lítil hluti þeirra afhjúpaður vegna takmarka rannsóknarsvæðisins, til að greina mætti hlutverk þeirra af nokkurri vissu. Hér er um að ræða grjót- eða torfhleðslubrot auk soðhola í elstu mannvistarlögunum. Eftirfarandi mannvirkjaleifar fundust á svæðinu:

**M1A:** Leifar grjóthleðslna sem lágu nánast þvert á rannsóknarskurðinn. Leifarnar voru ekki teiknaðar í fleti en þær eru austarlega í lagi **98** og koma fram á sniðteikningu.

**M1B** Leifar grjóthleðslu í lagi **99**. Leifarnar voru ekki teiknaðar í fleti en þær koma fram á sniðteikningu, vestast í lagi **99b**.

**M1C:** Leifar grjót og torfhleðslu. Einföld grjótröð og breitt torflag þar austan við. leifarnar voru ekki teiknaðar í fleti en þær koma fram á sniðteikningu neðst í lagi 99b.

**M1D:** Torf og grjótveggur ofarlega í lagi 100. Veggurinn er um 2 m breiður og liggur nánast þvert á rannsóknarskurðinn. Ekkert gólf eða

skýrt yfirborðslag var að finna útfrá veggnum. Nokkrar viðarleifar úr þessu mannvirki var að finna við vesturbrún veggjarins. Lag 100 var að hluta til yfir veggnum að vestanverðu en að öðru leiti allstaðar undir veggnum.



Mynd 45. Fremst eru leifar torf og grjótveggjar (M1D) en fjær er grjóthleðsla (M1E).

**M1E:** Grjótlögn ásamt trébjálka í lagi 103. Grjótlögnin kom undan norðurbrún rannsóknarsvæðisins og náði um 1,2 m suður á svæðið. Hér virðist um e.k. gólf eða hlað að ræða. Mannvirkið var vel afmarkað en enga veggj var að finna aðliggjandi, nema ef vera skyldi að bjálkinn sé leifar burðargrindar.

**M1F:** Soðhola. Nokkuð skállaga niðurgröftur (skurður C110) í holunni voru 3 jarðlög og dálítið af grjóti (sjá teikningu 110). Neðst var viðarkolalag. Grjót í holunni hafði umbreynt í eldi. Holan var um 1,2 m í þvermál og 30 cm djúp. Holan ber oll einkenni soðholu, en svo hafa holur nefnst þar sem kveiktur var eldur til að hita soðsteina eða moðsjóða mat í. Oft finnast matarleifar í líki dýrabeina í slíkum holum en svo var ekki í þessari. Soðhola þessi var austarlega á rannsóknarsvæðinu.



Mynd 46. Mannvirki M1E.



Mynd 47. Soðhola (M1F) eftir að búið er að tæma hana.

**M1G:** Soðhola. Þessi kemur fram undan norðurbakka rannsóknarsvæðisins nálægt því miðju. Í holunni og umhverfis hana var töluvert af viðarkolum. Vottur af þessum viðarkolum dreifðist vestur allt svæðið á mörkum lags 105 og óhreyfðrar moldar (106).




Mynd 48. Mannvirki M1G.

**M1H:** Dálítill dæld, e.t.v. niðurgrafin með kola- og móöskudreif á botni (lag 108) og torfi þar ofan á (lag 108). Dældin er um 2 m breið og aðeins 5 til 10 cm djúp og liggur skáhalt yfir svæðið í stefnu norður suður.

**M1I:** Grunnur skurður, sem stefnir í norður-suður (sjá hreinteikningu). Hann var um 20 cm breiður og um 5 cm djúpur. Athyglisvert er að M1H og M1I, sem eru elstu mannvirkjaleifar á rannsóknarsvæðinu, hafa sömu stefnu. Þessar leifar eru augljóslega frá sama tíma en ómögulegt er nema með frekari rannsóknum að geta sér til um hverskonar mannvirki þessar leifar hafa tilheyrt. Engar leifar veggja var að finna á svæðinu frá þessum elstu tímum. Soðholar gátu bæði verið hafðar utan- sem innandyra, en veggjaleyfi frá sama tíma á rannsóknarsvæðinu bendir frekar til þess að þessar hafi staðið utandyra.


### Fundir

Eins og áður sagði þá var tími til uppgrftar naumur og þess vegna nauðsynlegt að nota vélgröfu mikið. Vegna þessa er langt frá því að öllum leifum hafi verið veitt eftirtekt. Óhjákvæmilega hefur mikið af fundum, þá sérstaklega þeir minni, farið fram hjá gröfurunum og ber því að líta á fundalistann sem úrtak fremur en safn allra þeirra funda sem á rannsóknarsvæðinu var.



Gler og keramikleifar fundust aðeins í lögum 98 og 99, þ.e. yngstu lögunum. Í þeim lögum fannst einnig töluvert af jarnleifum. Allir aðrir fundir voru í lögum 100 eða 101.






Mynd 49. Tréhlutur Fundanúmer: Þ00-153

Einkennilegt er að í þessum eldri lögum fundust aðeins fornleifar úr tré ásamt miklu magni dýrabeinaleifa og dálitlu af vaðmáls- og leðurleifum. Við flestar fornleifarannsóknir á Íslandi frá fyrri hluta miðalda, hafa verið tiltölulega fáir fundir gripaleifa og tréleifar afar illa varðveittar. Í bæjarhólnum á Þiðriksvöllum hafa verið sérstaklega góð varðveisluskilyrði fyrir tré og önnur lífræn efni. Á víkingaöld og fram á okkar daga hefur tré verið helsta smíðaeefni flestra búshalda og verkfæra hér á landi sem annars staðar á Norðurlöndunum. Hér við bættist að Íslendingar gerðu aldrei leirker, heldur var tré notað í flest ílát. Hið mikla magn fornleifa úr tré á Þiðriksvöllum gefur því líklega réttari mynd af hversdagsáhöldum frá miðöldum, þó flestir fundirnir séu reyndar


brotnir, enda hafa þeir endað daga sína í ruslahaug þeim sem við höfum kallað lag 100.




Mynd 50. Tréhlutur líklega lok. Fundanúmer Þ00-98

Strandamenn hafa löngum verið annálaðir hagleiksmenn á tré, enda nógan og góðan efnivið að fá í rekanum. Þar hafa verið stundaðar smíðar frá ómunatíð, bæði til heimilisbrúks og eins til að selja löndum sínum. Ef til vill hafa smíðar verið stundaðar á Þiðriksvöllum, sem aukabúgrein.







Mynd 51. Rannsóknarskurður í bæjarhól. Planteikning frá 23.08.2000, SB.




Mynd 52. Rannsóknarskurður í bæjarhól. Planteikning frá 24.08.2000. SB.



Mynd 53. Rannsóknarskurður í bæjarhól. Planteikning frá 27.08.2000. SB.




Mynd 54. Rannsóknarskurður í bæjarhól. Planteikning frá 30.08.2000.



Mynd 55. Snið rannsóknarskurðar í bæjarhól.

## IV.2 Rannsóknarskurður í mannvirki 5



Mynd 56. Snið A, tekið í mannvirki 5.

Eins og fyrr segir þótti ástæða til að taka snið í gegnum mannvirki 5 og freista þess að greina notkun þess og aldur. Engin gjóskulög fundust í sniðinu og reyndist því ekki unnt að aldursgreina mannvirkið út frá þeim. Undir torfbunka, sem ætla má að sé hrun úr þekju, var kolablandað mannvistarlag. Þar fundust einnig gjallmolar sem bendir til járnsmíða. Kolasýni var tekið úr mannvirkinu, en hefur ekki verið aldursgreint.


#### Gólfskán A

Í raun tvískipt lag, ca 1 cm á þykkt. Ofar er ljósbrúnt eða rautt lag, líklega járnútfelling. Neðar er þunnt kolalag. Í laginu var að finna gjallmola. Kola- og gjallsýni voru tekin úr smituðu torflagi út frá gólfskán A. Ekki reyndist unnt að ná sýni úr gólfskáninni sjálfri, þar sem hún var svo þunn.

#### Gólfskán B


Skánin er svört og blandast dökkbrúnu eða rauðu lagi. Það virðist hafa verið skorið niður í það og endar gólfskánin þar.

### IV.3 Rannsóknarskurður í mannvirki 22



Mynd 57. Snið C, vesturhluti. Mannvirki 22.





Mynd 58. Snid C, austurhluti. Mannvirki 22.

Könnunarskurðurinn var tekinn úr hringlaga tóft yfir í garð. Engar mannvistarleifar var að finna á milli þessarra mannvirkja og virðast því kenningar um að þetta sé kirkja og kirkjugarður ekki ganga upp. Líklega er um frekar ungar

minjar að ræða og ekki öruggt að þær hafi verið byggðar á sama tíma en ekki ólíklegt að eitthvert sambengi sé á milli þeirra hvað notkun varðar (sjá umfjöllun um mannvirki 22 í kafla III).

## V. Niðurstöður

Uppgröfturinn í bæjarhólinn leiddi í ljós mannvistarleifar allt frá því á 10. öld. Það voru soðholur en engin mannvirki voru á uppgraftarsvæðinu í tengslum við þær. Þar fyrir ofan bar mest á hinum þykku lögum 101 og 100, sem eru að uppistöðu til uppsöfnuð lög eða ruslalög. Mikið bar á beina- og tréleifum í lagi 100. Þetta voru þétt leirkennd dökk og súrefnissnauð lög, svo varðveisluskilyrði fyrir lífræn efni voru afar hagstæð. Kolefnagreiningar úr lagi 100 sýna að það hefur byggst upp á tímanum u.þ.b. frá 11. til 13. öld. Neðarlega í efsta lagi skurðarins (lagi 98) var að finna gjósku úr Kötlugosi frá 1721. Uppbygging bæjarhólsins var samkvæmt þessu mest á miðöldum. Varlegt er þó að draga miklar ályktanir um meiri umsvif á staðnum á miðöldum en á seinni tímum, því vel getur verið að frákast og rusl frá seinni tímum hafi að mestu lent annars staðar í bæjarhólnum.

Mest athygli vekur hve mikið var af vel varðveittum timburleifum. Óskandi væri að tækifæri gæfist til að rannsaka þetta nánar, því ljóst er að mikið er af leifum eftir í hólnum og að þá gæfist betri tími því óneitanlega voru uppgraftaraðferðir grófar enda var stuttur tími ætlaður í verkið.

Alls voru skráð og teiknuð 33 mannvirki auk þeirra 9 mannvirkja eða mannvirkjabrota, sem fram komu í könnunarskurði í bæjarhólinn. Aðeins í 12 tilfellum af þessum 33 er ekkert hægt að segja um hlutverk rústarinnar. Annars var oft hægt að afla upplýsinga um þær, annaðhvort í rituðum heimildum eða hjá heimildarmönnum. Í öðrum tilfellum var augljóst út frá gerð leifanna, hvers lags leifar var um að ræða.

Snið voru gerð í mannvirki 5 og mannvirki 22. Í báðum tilfellum var aðeins um eitt byggingarskeið að ræða og því engar eldri minjar undir þeim sem sáust á yfirborðinu. Ekkert var í sniðunum, sem gaf sérstaka vísbendinu um aldur þessara minja, hvorki gjóska né gripir. Einu haldbæru aldursgreiningar

á þessum minjum eru því gjóskugreining og kolefnagreining úr uppgrefti í bæjarhólinn og svo yngri minjar sem heimildarmenn mundu eftir.



Mynd 59. Horft yfir Þiðriksvelli og lónstæðið. ÞH, 2000.

## Heimildaskrá

### Prentaðar heimildir

Ásgeir Blöndal Magnússon: *Íslensk orðsifjabók*. Rv. 1989.

Bjarni F. Einarsson: *Fornleifaskráning við Þiðriksvallavatn í Hólmavíkurbreppi vegna stífluframkvæmda*. Rv. 1999

Björn Lárusson: *The Old Icelandic Land Registers*. Lundur 1967

*DI = Diplomatarium Islandicum / Íslenzkt fornbréfasafn, sem hefir inni að halda bréf og gjörninga, dóma og máldaga, og aðrar skrár, er snerta Ísland eða íslenzka menn I-XVI*. Jón Sigurðsson, Jón Þorkelsson o.fl. Kh. og Rv. 1857-1972.

Gísli Konráðsson: *Strandamanna saga*. Jón Guðnason gaf út. Rv. 1947.

Guðmundur Ólafsson og Svend E. Albrehtsen: „Bærinn undir sandinum, Rannsókn á skála í Vestribyggð á Grænlandi“. Árbók hins íslenska fornleifafélags 1998. (Rv. 2000), bls. 99-124.

Guðrún Kvaran og Sigurður Jónsson frá Arnarvatni: *Nöfn Íslendinga*. Rv. 1991.

Hermann Pálsson: *Íslenzk mannanöfn*. Rv. 1960.

*Íslenzkar þjóðsögur og ævintýri*. IV. bindi. Safnað hefur Jón Árnason. Árni Böðvarsson og Bjarni Vilhjálmsson önnuðust útgáfuna. Rv. 1956.

*Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, VII (Ísafjarðar- og Strandasýsla). Kh. 1940.

*Jarðabréf frá 16. og 17. öld. Útdrættir*. Gunnar F. Guðmundsson bjó til prentunar. Kh. 1993.

Jón Guðnason: *Strandamenn. Æviskrár 1703-1953*. Rv. 1955

Kristrún Daníelsdóttir: „Þiðriksvellir í Hólmavíkurbreppi“. *Strandapósturinn* 17, 1983. (Rv. 1983), 119-121.

Landnámabók. *Íslenzk fornrit* I. bindi. Íslendingabók og Landnámabók. Fyrri hluti. Jakob Benediktsson gaf út, bls. 29-397. Rv. 1986.

*Manntal á Íslandi árið 1703*. Tekið að tilhlutun Árna Magnússonar og Páls Vídalín ásamt manntali 1729 í þrem sýslum. Rv. 1924-1947

Páll Eggert Ólason: *Íslenzkar æviskrár frá landnámstímum til ársloka 1940*, II bindi. Rv. 1949.

Pétur Jónsson frá Stökkum: *Strandamannabók*. Guðni Jónsson bjó til prentunar. Rv. 1947.

## Óprentaðar heimildir

### ***Þjóðminjasafn Íslands: Þjms***

Bréf Þjóðminjasafns til Orkubús Vestfjarða, 18. ágúst 1999 (*Tilvísun: 1999080022*)

Bréf Þjóðminjasafns til Orkubús Vestfjarða, 24. nóv. 1999 (*Tilvísun: 1999080022*).

Bréf Þjóðminjasafns til fornleifanefndar, dags. 2. mars 2000. (*Tilvísun: 1999080022*).

Sigurður Bergsteinsson: Dagbók frá Þiðriksvöllum 21. ágúst – 6. september 2000.

Þór Hjaltalín: Dagbók frá Þiðriksvöllum 26. ágúst – 4. september 2000.

### ***Þjóðskjalasafn Íslands: ÞÍ***

Túnakort: Þiðriksvallatún, uppmælt af Halldóri Jónssyni 13. júní 1917.

Túnakort: Vatnshornstún, uppmælt af Halldóri Jónssyni 13. júní 1917.

Fasteignamat 1930. Hrófbergshreppur, nr. 3 Þiðriksvellir, ábúandi Trausti Sveinsson.

Fasteignamat 1930. Hrófbergshreppur, nr. 4 Þiðriksvellir, ábúandi Daníel Ólafsson.

### ***Örnefnastofnun***

Örnefnaskrá. Þiðriksvellir. Magnús Steingrímsson skráði eftir handriti Stefáns Pálssonar, sem gert var á Víðidalssá 10. mars 1953.

Örnefnaskrá. Þiðriksvellir, athugasemdir og viðbætur. Skráð eftir Stefáni Pálssyni í Örnefnastofnun 9. febrúar 1978.

Örnefnaskrá. Þiðreksvellir, athugasemdir og viðbætur. Skráð af Stefáni Daníelssyni í Tröllatungu í apríl 1996.

Örnefnaskrá. Þiðriksvellir. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði eftir Jóhanni Hjaltasyni, í Reykjavík 21. nóvember 1977. Gengið frá handritinu 6. febrúar 1978.

Örnefnaskrá. Örnefni og sagnir í landi jarðarinnar Þiðriksvellir í Þiðriksvalladal. Skráð af Jóhanni Hjaltasyni 18. desember 1934.

Örnefnaskrá. Vatnshorn. Guðrún S. Magnúsdóttir skráði eftir Jóhanni Hjaltasyni, í Reykjavík 14. nóvember 1977. Gengið frá handritinu 30. janúar 1978.



Örnefnaskrá. Vatnshorn. Magnús Steingrímsson skráði eftir þeim Stefáni Pálssyni og Einari Sumarliðasyni, Hólum 15. apríl 1953.

Örnefnaskrá. Örnefni og sagnir í landi jarðarinnar Vatnshorn í Steingrímsfirði. Skráð af Jóhanni Hjaltasyni 17. desember 1934.

### **Munnlegar heimildir:**

Árni Daníelsson f. 1922, sonur Daníels Ólafssonar og Ragnheiðar J. Árnadóttur sem bjuggu á Þiðriksvöllum frá 1927-1941.

Brynjólfur Gíslason f. 1942, sonur Gísla Konráðssonar sem bjó á Þiðriksvöllum 1948-1953, er jörðin fór í eyði vegna virkjunar í Þverá.

Krístúr Daníelsdóttir f. 1928, dóttir Daníels Ólafssonar og Ragnheiðar J. Árnadóttur sem bjuggu á Þiðriksvöllum frá 1927-1941.

## Skrár

### Skrá yfir mannvirki

Jörð	Mannvirki	BFE	Hlutverk
Þiðriksvellir	M1	5:12	Bústaður
Þiðriksvellir	M2		Brunnhús
Þiðriksvellir	M3		Hesthús
Þiðriksvellir	M4		Fjós/hesthús ?
Þiðriksvellir	M5		Óþekkt
Þiðriksvellir	M6	5:11	Brunnhús
Þiðriksvellir	M7		Óþekkt
Þiðriksvellir	M8	5:1	Fjánhús/hlaða/hrútakofi
Þiðriksvellir	M9		Fjánhús ?
Þiðriksvellir	M10	5:2	Fjánhús og hlaða
Þiðriksvellir	M11	5:3	Kálgarður
Þiðriksvellir	M12	5:5	Garður
Þiðriksvellir	M13	5:4	Kró
Þiðriksvellir	M14	5:17	Óþekkt
Þiðriksvellir	M15	5:16	Fjánhús/hlaða/hrútakofi
Þiðriksvellir	M16	5:7	Óþekkt
Þiðriksvellir	M17	5:6	Óþekkt
Þiðriksvellir	M18	5:9	Óþekkt
Þiðriksvellir	M19		Brunnur
Þiðriksvellir	M20	5:8	Nátthagi fyrir hross
Þiðriksvellir	M21		Óþekkt
Þiðriksvellir	M22	7:1 og 7:2	Lambhús? gerði og kró
Þiðriksvellir	M23	5:13	Túngarður
Þiðriksvellir	M24	5:14	Bústaður (Ísakstóttir)
Þiðriksvellir	M25	5:15	Óþekkt
Þiðriksvellir	M26		Garður
Þiðriksvellir	M27		Hleðsla undir girðingu
Þiðriksvellir	M28	6:1	Kálgarður
Þiðriksvellir	M29	6:1	Rétt
Þiðriksvellir	M30		Stekkur
Þiðriksvellir	M31		Garður
Þiðriksvellir	M32		Óþekkt
Þiðriksvellir	M33		Varnargarður
Vatnshorn	M34	4:1	Nátthagi
Vatnshorn		2:1	
Vatnshorn		3:1	

## Skrár yfir muni

Ár númer	Númer	Almennt heiti	Sérheiti	Efni hlutar	Númer lags	Viðbótarupplýsingar
Þ-00	1	Steinn	Steinsakka		98	
Þ-00	2	Leður	Leðurpjatla	Leður	100	
Þ-00	4	Textíll	Vaðmál		100	
Þ-00	5	Textíll	Vaðmál		100	
Þ-00	6	Textíll	Vaðmál		100	
Þ-00	7	Textíll	Vaðmál		100	
Þ-00	8	Textíll	Vaðmál		100	
Þ-00	9	Viður	Handfang?	Viður	100	Tréhólkur með gati í gegn, teiknaður.
Þ-00	10	Viður	Tréskífa/lok	Viður	100	Hálft lok með gati í miðju
Þ-00	11	Bein	Tanngarður		100	
Þ-00	12	Viður	Tréhandfang	Viður	103	
Þ-00	13	Skel			100	
Þ-00	14	Skel			100	
Þ-00	15	Skel			100	
Þ-00	16	Skel			100	
Þ-00	17	Skel			100	
Þ-00	18	Skel			100	
Þ-00	19	Bein	Fiskbein		100	Hringlaga með gat í miðjunni. Líkist skel. Ath fannst með nr. 72
Þ-00	20	Hár	Hestahár		100	
Þ-00	21	Viður	Viðarpinni	Viður	100	Brotinn, er í tveimur hlutum
Þ-00	22	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	23	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	24	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	25	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	26	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	27	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	28	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	29	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	30	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	31	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	32	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	33	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	34	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	35	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	36	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	37	Viður	Trépinni	Viður	100	

Þ-00	38	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	39	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	40	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	41	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	42	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	43	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	44	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	45	Viður	Tréstafur	Viður	100	
Þ-00	46	Viður	Tréstafur	Viður	100	
Þ-00	47	Viður	Tréstafur	Viður	100	
Þ-00	48	Viður	Tréstafur	Viður	100	
Þ-00	49	Viður	Tréstafur	Viður	100	
Þ-00	50	Viður	Tréstafur	Viður	100	
Þ-00	51	Viður	Tréstafur	Viður	100	
Þ-00	52	Viður	Tréstafur	Viður	100	
Þ-00	53	Viður	Nagli?	Viður	100	Brotinn trénagli
Þ-00	54		0	Viður	100	
Þ-00	55	Viður	Viðarplata	Viður	100	
Þ-00	56	Viður		Viður	100	Brotinn trébútur
Þ-00	57	Viður	Viðarpinni	Viður	100	Stór Viðarpinni
Þ-00	58	Viður	Stór trépinni	Viður	100	Brotinn trépinni, nagli.
Þ-00	59	Viður	Trélok	Viður	100	Hringlaga trélok með ferhyrning í miðju
Þ-00	60	Viður	Stór trépinni	Viður	100	Stór trépinni, nagli, brotinn.
Þ-00	61	Viður	Tréhlutur/handfang	Viður	100	Brotinn viðarhlutur
Þ-00	62	Viður	Nagli	Viður	100	Brotinn
Þ-00	63	Viður	Tréhlutur	Viður	100	Tréhlutur, þríhyrndur með naglagötum í hornum.
Þ-00	64	Viður	Nagli	Viður	100	Brotinn trénagli
Þ-00	65	Viður	Nagli	Viður	100	Brotinn trénagli
Þ-00	66	Viður	Trépinni/nagli	Viður	100	Brotinn trépinni/nagli. Frekar þykkur. vantar efri hlutann.
Þ-00	67	Viður	Nagli	Viður	100	Brotinn
Þ-00	68	Viður	Nagli	Viður	100	Ferhyrndur



						nagli
Þ-00	69	Viður	Tréhandfang	Viður	100	Flöskutappi með mjóum pinna á endanum
Þ-00	70	Viður	Tréklumpur	Viður	100	Brenndur tréklumpur
Þ-00	71	Viður	Viðarhlutur	Viður	100	Viðarbrot
Þ-00	72	Bein	Fiskbein	Fiskbein	100	
Þ-00	73	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	74	Textíll	Vaðmál	Textíll	100	
Þ-00	75	Hár	hestahár	Hrosshár	103	
Þ-00	76	Viður	Nagli	viður	103	
Þ-00	77	Viður	Tréhlutur	Viður	103	
Þ-00	78	Viður	Tréhlutur	Viður	103	
Þ-00	79	Bein	Fiskbein	Fiskbein	100	
Þ-00	80	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	81	Viður	Tréklumpur	Viður	100	
Þ-00	82	Viður	Tréhlutur	Viður	100	Tréhlutur með ferhyrndu gati í gegn
Þ-00	83	Viður	Tréhlutur	Viður	100	Með naglgati í gegn á hliðinni
Þ-00	84	Viður	handfang	Viður	100	Handfang eða tréhlutur með naglgati í gegn á hliðinni
Þ-00	85	Viður	Skál	Viður	100	Brotin skál
Þ-00	86	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	87	Viður	Tréstafur	Viður	100	
Þ-00	88	Viður	Tréstafur	Viður	100	Er í laginu eins og risa horn
Þ-00	89	Viður	Tréhlutur	Viður	100	Er í laginu eins og risa horn
Þ-00	90	Viður	Tréstafur	Viður	100	
Þ-00	91	Viður	Tréstafur	Viður	100	
Þ-00	92	Viður	Skál	Viður	100	Lítill, hálf tréskál eða lok
Þ-00	93	Viður	Tréhlutur	Viður	100	Tréhlutur með tveimur naglgötum á hliðinni
Þ-00	94	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	95	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	96	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	97	Viður	Tréhlutur	Viður	100	

Þ-00	98	Viður	lok	Viður	100	
Þ-00	99	Viður	Trébútur	Viður	100	
Þ-00	100	Viður	Tré	Viður	100	
Þ-00	101	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	102	Viður	Tréhlutur	Viður	100	Skálabrot?
Þ-00	103	Viður	Tréhlutur	Viður	100	eins og lítil tréteskeið
Þ-00	104	Viður	Tréhlutur	Viður	100	Líkast nagla. Oddhvasst á öðrum endanum
Þ-00	105	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	106	Viður	Tappi	Viður	100	Hringlaga hólkur? með trétappa út úr öðrum endanum.
Þ-00	107	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	108	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	109	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	110	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	111	Viður	Tréhlutur	Viður	100	Tálgað, mangert
Þ-00	112	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	113	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	114	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	115	Viður	Trépinni	Viður	100	
Þ-00	116	Viður	Nagli	Viður	100	Stór trénagli, efri hluti.
Þ-00	117	Viður	Nagli	Viður	100	
Þ-00	118	Viður	Nagli	Viður	100	Brotinn
Þ-00	119	Viður	Nagli	Viður	100	Brotinn
Þ-00	120	Viður	Nagli	Viður	100	
Þ-00	121	Viður	Nagli	Viður	100	
Þ-00	122	Viður	pinni	Viður	100	
Þ-00	123	Viður	pinni	Viður	100	Eins og búið sé að rista í með hníf á nokkrum stöðum.
Þ-00	124	Viður	pinni	Viður	100	Mikið brotinn trépinni.
Þ-00	125	Viður	pinni	Viður	100	
Þ-00	126	Viður	pinni	Viður	100	Brotinn ferhyrndur pinni
Þ-00	127	Viður	pinni	Viður	100	
Þ-00	128	Viður	pinni	Viður	100	
Þ-00	129	Viður	pinni	Viður	100	
Þ-00	130	Viður	pinni	Viður	100	
Þ-00	131	Viður	pinni	Viður	100	

Þ-00	132	Viður	pinni	Viður	100	
Þ-00	133	Viður	pinni	Viður	100	
Þ-00	134	Viður	pinni	Viður	100	
Þ-00	135	Viður	pinni	Viður	100	
Þ-00	136	Viður	pinni	Viður	100	
Þ-00	137	Viður	Nagli	Viður	100	
Þ-00	138	Skel	Skel		100	
Þ-00	139	Skel	Skel		100	
Þ-00	140	Skel	Skel		100	
Þ-00	141	Skel	Skel		100	
Þ-00	142	Skel	Skel		100	
Þ-00	143	Skel	Skel		100	
Þ-00	144	Skel	Skel		100	
Þ-00	145	Skel	Skel		100	
Þ-00	146	Skel	Skel		100	
Þ-00	147	Skel	Skel		100	
Þ-00	148	Skel	Skel		100	
Þ-00	149	Skel	Skel		100	
Þ-00	150	Viður	Tréstafur	Viður	100	
Þ-00	151	Viður	Tréstafur	Viður	100	
Þ-00	152	Viður	Tréstafur	Viður	100	
Þ-00	153	Viður	Tréstafur	Viður	100	Tréhlutur eða handfang
Þ-00	154	Viður	Pinni	Viður	100	Trépinni ,frekar langur brotinn að neðan.
Þ-00	155	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	156	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	157	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	158	Viður	pinni	Viður	100	
Þ-00	159	Viður	pinni	Viður	100	Breiður alla leið niður
Þ-00	160	Viður	pinni	Viður	100	
Þ-00	161	Viður	Tréhlutur	Viður	100	Líkt og lítill sverðsoddur
Þ-00	162	Viður	Tréhlutur	Viður	100	
Þ-00	163	Viður	pinni	Viður	100	
Þ-00	164	Skel	skel		100	

## Skrá yfir ljósmyndir

### Stafrænar

Mappa	Nr	Taka	Dagsetning	Mannv.	Átt/Lag	Athugasemdir
1	1	PH	22.8.2000	M1	V	Rof/snið í bæjarhóli
1	2	PH	22.8.2000	M1	V	Rof/snið í bæjarhóli
1	3	PH	22.8.2000	M1	V	Rof/snið í bæjarhóli
1	4	PH	22.8.2000	M1	SV	Rof/snið í bæjarhóli
1	5	PH	22.8.2000	M1	SV	Rof/snið í bæjarhóli
1	6	PH	22.8.2000	M1	S	Rof/snið í bæjarhóli
1	7	PH	22.8.2000	M1	S	Rof/snið í bæjarhóli
1	8	PH	22.8.2000	M1	S	Rof/snið í bæjarhóli
1	9	PH	22.8.2000	M1	SA	Rof/snið í bæjarhóli
1	10	PH	22.8.2000	M1	SA	Rof/snið í bæjarhóli
1	11	PH	22.8.2000	M1	SA	Rof/snið í bæjarhóli
1	12	PH	22.8.2000	M1	SA	Rof/snið í bæjarhóli
1	13	PH	22.8.2000	M1	SA	Rof/snið í bæjarhóli
1	14	PH	22.8.2000	M1	SA	Rof/snið í bæjarhóli
1	15	PH	22.8.2000	M1	SA	Rof/snið í bæjarhóli
1	16	PH	22.8.2000	M1	SA	Rof/snið í bæjarhóli
1	17	PH	22.8.2000	M1	A	Rof/snið í bæjarhóli
1	18	PH	22.8.2000	M1	A	Rof/snið í bæjarhóli
1	19	PH	22.8.2000	M1	A	Rof/snið í bæjarhóli
1	20	PH	22.8.2000	M1	NA	Rof/snið í bæjarhóli
1	21	PH	22.8.2000	M1	NA	Rof/snið í bæjarhóli
1	22	PH	22.8.2000	M1	NA	Rof/snið í bæjarhóli
1	23	PH	22.8.2000	M1	N	Rof/snið í bæjarhóli
1	24	PH	22.8.2000	M1	N	Rof/snið í bæjarhóli
1	25	PH	22.8.2000	M1	N	Rof/snið í bæjarhóli
1	26	PH	22.8.2000	M1	N	Rof/snið í bæjarhóli
1	27	PH	22.8.2000	M1	NV	Rof/snið í bæjarhóli
1	28	PH	22.8.2000	M1	NV	Rof/snið í bæjarhóli
1	29	PH	22.8.2000	M1	NV	Rof/snið í bæjarhóli
1	30	PH	22.8.2000	M1	NV	Rof/snið í bæjarhóli
1	31	PH	22.8.2000	M1	NV	Rof/snið í bæjarhóli
1	32	PH	22.8.2000	M1	NV	Rof/snið í bæjarhóli
1	33	PH	22.8.2000	M1	V	Rof/snið í bæjarhóli
1	34	PH	22.8.2000	M1	V	Rof/snið í bæjarhóli
1	35	PH	22.8.2000	M1	V	Rof/snið í bæjarhóli
1	36	PH	22.8.2000	M1	SV	Rof/snið í bæjarhóli
1	37	PH	22.8.2000	M1	SV	Rof/snið í bæjarhóli
1	38	PH	22.8.2000	M1	S	Rof/snið í bæjarhóli
1	39	PH	22.8.2000	M1	SV	Rof/snið í bæjarhóli
1	40	PH	22.8.2000	M1	S	Rof/snið í bæjarhóli
1	41	PH	22.8.2000	M1	S	Rof/snið í bæjarhóli
1	42	SB	22.8.2000	M1	V	Grafarar í skurði
1	43		23.8.2000	M1	Á bæjarhól	Gripir

1	44		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	45		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	46		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	47		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	48		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	49		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	50		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	51		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	52		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	53		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	54		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	55		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	56		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	57		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	58		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	59		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	60		23.8.2000	M1	C100/01/02	Sbr. teikn 23/8
1	61	SB	23.8.2000	M22	SA	Snið grafið
1	62	SB	23.8.2000	M22	SA	Gerði/lambhús
1	63	SB	23.8.2000	M22	SA	Gerði/lambhús
1	64	SB	23.8.2000	M22	S	Kró við gerðið
1	65	SB	23.8.2000	M22	SA	Gerði
1	66	SB	23.8.2000	M22	SA	Gerði/lambhús
1	67	SB	23.8.2000	M22	A	Gerði/lambhús
1	68	SB	23.8.2000	M22	A	Lambhús
1	69	SB	23.8.2000	M22	N	Gerði/lambhús
1	70	SB	23.8.2000	M22	V	Gerði/lambhús
1	71	SB	23.8.2000	M22	NV	Snið grafið
2	1		25.8.2000	M1	C100/01/02/03	Sbr. teikn 24/8
2	2		25.8.2000	M1	C100/01/02/03	Sbr. teikn 24/8
2	3		25.8.2000	M1	C100/01/02/03	Sbr. teikn 24/8
2	4		25.8.2000	M1	C100/01/02/03	Sbr. teikn 24/8
2	5		25.8.2000	M1	C100/01/02/03	Sbr. teikn 24/8
2	6		25.8.2000	M1	C100/01/02/03	Sbr. teikn 24/8
2	7		25.8.2000	M1	C100/01/02/03	Sbr. teikn 24/8
2	8		25.8.2000	M1	C100/01/02/03	Sbr. teikn 24/8
2	9		25.8.2000	M1	C100/01/02/03	Sbr. teikn 24/8
2	10		25.8.2000	M1	C100/01/02/03	Sbr. teikn 24/8
2	11		25.8.2000	M1	C100/01/02/03	Sbr. teikn 24/8
2	12		25.8.2000	M1	C100/01/02/03	Sbr. teikn 24/8
2	13		26.8.2000			Magnús A. Sig.
2	14		26.8.2000			Pór Hjaltalín
